



Canon



Bókhladan

Reiknivélar í miklu úrvali



BP 1209-DK

ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Miðvikudagur 21. ágúst 2002 • 34. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk



Hundavinurinn og golfarinn Finnur Magnússon.

Finnur fór í hundana

Svartur labradorhundur stal senunni á golfmóti á Syðridalsvelli á sunnudag. Finnur Magnússon, golfari í GÍ segist hafa farið illa út úr viðskiptum sínum við hundinn.

„Ég fór heldur betur í hundana. Ég var að búa mig undir að slá inn á green á 8. braut, en þá kom að hundur og mændi á mig. Ég reyndi að reka hann burt en þá gelti hann bara. Ég sló þá gott högg inn á green, en þá tók hundurinn stökk og náði í kúluna. Hann fór með hana í átt að mér aftur, en þegar ég ætlaði að nálgast kúluna urraði hann á mig. Ég hótaði honum með kylfunni, en þá gerði hann sig líklegan til að ráðast á mig“, segir Finnur.

Að sögn Finns fór hann þó ekki verst út úr afskiptum hundsins af mótinu. „Sigurður Fannar Grétarsson átti gott högg inn á green. Boltinn var á leið ofan í holuna, þegar hundurinn tók hana upp á ferð og fór með hana út fyrir völlinn“.

Eldisstöð Háafells ehf. á Nauteyri á Langadalsströnd

Um fimm tíu tonnnum af eldisbleikju slátrað í ár

Ráðgert er að um 50 tonnnum af eldisbleikju verði slátrað á árinu í eldisstöð Háafells ehf. á Nauteyri á Langadalsströnd. Stöðin hefur verið starfandi frá árinu 1998 og er að hálfu í eigu Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf., en frá því í fyrrahaust hefur Háafell annast áframeldi á þorskseidum fyrir HG ásamt bleikjueldinu.

Guðbjörn Sigurvinsson, umsjónarmaður stöðvarinnar, segir að bleikjueldið hafi gengið vel undanfarið.

„Við seljum bæði ferska og lausfrysta bleikju á Evrópumarkað og höfum verið að fá ágætis verð fyrir, þó að þægilegra væri að fá peninginn inn jafnt og þétt. Salan á þessum markaði er hinsvegar sveiflu-

kennd og miðast mikið við árstíma“, segir Guðbjörn. Bleikjan fer að hans sögn ekki á innanlandsmarkað svo neinu nemi. „Við höfum þó verið að selja í Samkaupum á Ísafirði og eigum þar nánast fasta áskrifendur að afurðunum.“

Í stöð Háafells eru um 1.300 rúmmetrar af eldisrymi og eru þar að jafnaði nær 300.000

bleikjur hverju sinni. Búast má við því að annir verði við slátrunina á næstu vikum, því mikilvægt er að henni verði lokið fyrir miðjan september. „Þá verða elstu bleikjurnar kynþroska og hætta að nærast í um tvo mánuði, en við það horast fiskurinn og verður fögur“, sagði Guðbjörn í samtali við blaðið.

Vogaframleiðandinn Póls hf. á sjávarútvegssýningu í Noregi

Framleiðsluvörurnar vöktu lukku

Ísfriski vogarframleiðandinn Póls hf. tók fyrir skömmu þátt í sjávarútvegssýningunni Nor-fishing 2002 í Prándheimi í Noregi. Nokkur hundruð fyrirtæki tóku þátt í sýningunni og fyrsta sýningardaginn mættu um 7.000 gestir. Sýningarbás Póls var mjög vel sóttur, en vörur fyrirtækisins eru vinsælar í Noregi.

„Við erum með yfirgnæfandi markaðshlutdeild í skipavogum“, segir Ellert Berg Guðjónsson, markaðsstjóri Póls. „Einnig er staða okkar mjög góð þegar kemur að vinnslu á uppsjávarfiski, en mikil endurnýjun hefur átt sér stað í þeim geira í Noregi að undanförmu. Um 70% þeirra sem endurnýjað hafa tækjakost sinn síðustu 3 ár, eru með flæðisamvöl frá okkur.“



Við sýningarbás Póls í Noregi. Mynd: Ellert Berg Guðjónsson.

Póls lagði áherslu á að sýna nýja útgáfu af flæðisamvöllum með sjálfvirkri pökkunarvél.

„Einnig sýndum við saltfisksamval, en hingað til hefur

yfirvikt í saltfiskpökkun verið mikil. Með þessu samvali minnkar yfirvikt um 40-50% og afköst aukast um 15-20%. Við höfum gert nokkrar til-

raunir og komist að því að framleiði menn 1.000 tonn af saltfiski á ári, sparast um 60 milljónir noti þeir saltfisksamvalið“, segir Ellert.

SAMKAUP

OPÍÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

SAMKAUP

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi



www.eimskip.is • Sími 456 5460

www.flytjandi.is • Sími 456 5460



Ísafjörður

Bálfarir sjaldgæfar

Lítið er um bálfarir á Ísafirði og sjaldgæft að óskað sé eftir líkbrennslu. Fram kom í frétt í Morgunblaðinu fyrir stuttu að líkbrennsla hafi færst í vöxt á síðustu árum og nú sé rúmlega fimmta hver útför á höfuðborgarsvæðinu bálför.

Að sögn Magnúsar Erlingssonar, sóknarprests á Ísafirði, er mjög sjaldgæft að óskað sé eftir bálför vestra. „Það er þá helst ef hinn látni var búsettur erlendis en fólk vill fá legstað heima. Einnig í þeim tilfellum þar sem fólk vill láta grafa sig við hlið ættingja í kirkjugörðum þar sem pláss er lítið“, segir Magnús.

Í þeim tilfellum sem bálför fer fram, er farið með duftkerið eins og líkkistu og líkamsleifarnar jarðsettar á sama hátt.

Ísafjörður

Vill kaupa „Amsterdam“

Ísafjarðarbæ hefur borist fyrirspurn þar sem bréfritari lýsir yfir áhuga sínum á því að kaupa fasteignina við Sundstræti 21 á Ísafirði.

H úsið, sem er betur þekkt sem „Amsterdam“ er í heldur óhrjálegu ástandi. Ísafjarðarbær eignaðist fasteignina á nauðungaruppboði fyrir nokkru síðan, en ekki hefur verið búið í því um árabil og er það í raun óíbúðarhæft eftir áralangt viðhaldsleysi.

Bæjarráð tók málið fyrir á fundi í síðustu viku og fól í framhaldinu bæjarstjóra að ræða við bréfritarar.

Reykjavíkumaraþonið fór fram um síðustu helgi

Vestfirðingar efstir í kvennaflokki

Hið árlega Reykjavíkumaraþonið fór fram í 19. skipti um helgina. Að vanda áttu Ísfirðingar sína fulltrúa í hlaupinu og náðu flestir þeirra ágætis árangri í sínum flokkum. Ber þar helst að nefna Rósu Þorsteinsdóttur, sem oft er kennd við Gamla Bakaríð, en í flokki kvenna á aldrinum 40-49 ára náði hún þeim stórgóða árangri að hlaupa maraþonið (um 42 km) á 3 klst. og 42 mínútum. Varð hún þar með í öðru sæti, en tími Rósu var aðeins um 3 mínútum lakari en tími Elísabetar Sólbergisdóttur, sem bar sigur úr býtum.

Þess má geta að Elísabet er Bolvíkingur og má því með sannri segja að verðlaunasæti þessa flokks séu undirlögð Vestfirðingum. Árni Aðalbjarnarson, eiginmaður Rósu, var um 8 mínútum lengur en eiginkona sín að hlaupa maraþonið og hafnaði í 31. sæti í flokki karla á aldrinum 40-49 ára. Í sama flokki hljóp Kristbjörn R. Sigurjónsson og kom hann 34. í mark á tímanum 3:52:22.

Marzellíus Sveinbjörnsson frá Ísafirði var eini fulltrúi Ísfirðinga í hálfmaraþoni. Hann hafnaði í 46. sæti í flokki karla á aldrinum 40-49 ára og hljóp á tímanum 1:50:10. Gönguskíðakappinn Ólafur Th. Arnason tók þátt í 10 km hlaupi karla og náði þeim árangri að verða fjórði í sínum flokki, en hann hljóp



Marzellíus Sveinbjörnsson kemur í mark í hálfmaraþoni. tilsetta vegalengd á tæpum 35 mínútum. Jóna Björg Guðmundsdóttir hljóp einnig 10 km og gerði það á rúmri klst., en hún hafnaði í 96. sæti í flokki kvenna á aldrinum 18-39 ára. „Það var virkilega gaman að ná öðru sæti í maraþoninu“, segir Rósa og bætir við að hún hafi ekki búið við því líkum árangri fyrir hlaupið. „Yfirleitt taka svo margir þrautreyndir útlendingar þátt og ég reiknaði því ekki með að lenda svona framarlega. Þegar ég tók þátt árið 1999 var ég í áttunda sæti, en bætti tíma minn um 13 mínútur í ár. Þetta var mjög skemmtilegt í allan stað og gaman er að sjá svo marga framþærilega hlaupara koma af svæðinu.“

Klúbbamót Vestfjarða á Meðaldalsvelli í Dýrafirði

Á áttunda tug kylfinga tók þátt

Klúbbakeppni Vestfjarða var haldin á Meðaldalsvelli í Dýrafirði á laugardag. Veður var gott, sem og þátttaka, en á áttunda tug kylfinga frá öllum fimm golfklúbbum Vestfjarða tóku þátt á mótinu.

Í karlaflokki án forgjafar sigraði sveit Golfklúbbs Ísa-

fjarðar (GÍ) á 259 höggum, í öðru sæti var sveit Golfklúbbs Bíldudals (GBB) á 264 höggum og í þriðja sæti varð svo sveit Golfklúbbs Bolungarvíkur (GBO) á 266 höggum. Í kvennaflokki án forgjafar sigraði sveit Golfklúbbs Patreksfjarðar (GP) á 328 höggum. Í

öðru sæti varð svo sveit GBB á 343 höggum og í því þriðja sæti varð GÍ á 361 höggi.

Í karlaflokki með forgjof sigraði sveit GBB á 229 höggi, en sveit GBO kom næst með 233 högg. Í þriðja sæti varð svo sveit Golfklúbbsins

Glámu með 234 högg. Í kvennaflokki með forgjof sigraði sveit GBB á 250 höggum, en sveit GP kom næst með tveimur höggum meira. Þá hlaut Þorsteinn Örn Gestsson, GÍ, verðlaun fyrir besta skor mótsins.

Vínubúð ÁTVR á Ísafirði

Opnunartíminn stytur á virkum dögum

Frá og með 1. september mun vínubúðin á Ísafirði opna hálfri annarri klukkustund síðar en hún gerir nú, nema á föstudögum og laugardögum.

Að sögn Snorra Grímssonar, útíbússtjóra Áfengis- og tóbaksverslunnar ríkisins (ÁTVR), þótti forráðamönnum verslunarinnar ekki nægur fjöldi viðskiptavina versla í búðinni svo verjandi væri að

hafa hana opna í átta klukkustundir á virkum dögum.

„Verslunartími á föstudögum og laugardögum verður óbreyttur, en frá mánudegi til fimmtudags mun búðin opna kl. 12:30, en ekki kl. 11:00 eins og áður“, segir Snorri.

Hinn breytti opnunartími gildir um vetur, vor og haust, en yfir hásumarið verður opið eins og áður.

„Áramótadansleikur“ á Suðureyri í lok fiskveiðiárs

Verður væntanlega haldinn í 100 ára gömlu frystihúsi

Súgfirðingar hafa hug á því að halda „áramótadansleik“ á Suðureyri þann 31. ágúst. Þá er síðasti dagur fiskveiðiársins, en svo heppilega vill til að í ár ber hann upp á laugardag. Að sögn Ævars Einarssonar, eins þeirra sem hvað mestan hug hafa á dansleikjahaldi, eru hugmyndirnar ennþá á

teikniborðinu. „Það er ekki búið að negla neitt niður og ekkert er ákveðið, en hugmyndin er sú að halda dansleikinn í Þurrkveri, 100 ára gömlu frystihúsi sem nýlega var gert upp“, segir Ævar.

EKKI hefur verið ákveðið hvort ráðin verður hljómsveit eða hvort þeytt verði skífum. „Það hafa margir beðið um að

fá að stjórna tónlistinni. Almennt hafa viðbrögð fólks við þessum hugmyndum verið mjög jákvæð“, segir Ævar. Aðspurður segist hann ekki telja að erfitt verði að fá leyfi fyrir dansleikjahaldi í húsinu. „Ég held að það sé nokkuð mikill skilningur fyrir þessu hjá yfirvöldum“, segir Ævar.

Bragð er að...

Gamla slagorðið, „verður er verkamaðurinn launa sinna“ virðist ekki hafa sama áróðursgildi og í árdaga verkalýðsfélaganna. Raunar er svo komið, að það man varla nokkur eftir því lengur. Breyttir tímar hafa kallað á ný viðhorf, nýjar aðferðir og nýjar áherslur. Fátt bendir þó til þess, að svo hafi málum verið skipað að brýningar af því tagi, sem í þessum einkunarorðum verkalýðshreyfingarinnar fólst, sé ekki þörf lengur.

Nýjasti þungaviktarmaðurinn í umræðunni um átökin á peningamarkaðnum og miskiptingu auðs og valda í þjóðfélaginu, er ráðherra í sjálfri ríkisstjórn Íslands. Ráðherrann fær ekki lengur orða bundist. Þegar best lætur eru æðstu ráðamenn landsins hálfdrættingar í launum á við herskara „stjóra“, stórra og smárra fyrirtækja um land allt og hafa þó aldrei fleiri fyrirtæki farið á hausinn, en einmitt nú. Og ráðherrarnir blikna meira að segja í samanburði við flesta bæjar- og sveitarstjórana milli fjalls og fjöru.

Ár frá ári er sjúkrahúsum gert að spara meira. Landhelgisgæslan verður að leggja einu varðskipanna til að spara. Ekki eru til peningar til rannsaka hvernig þungamálmengun er tilkomin á skelfiskmiðum í Arnarfirði. Mætti þó ætla að slík uppákoma ýtti við ráðamönnum þjóðfélags, sem fram til þessa hefur

lifað á sjávarfangi. Þannig mætti lengi telja. Til eru þó þeir útgjaldaliðir hjá hinu opinbera, þar sem ekki þykir taka því að spara. Má þar til nefna utanríkisþjónustuna, sem er orðin bákni í bákni og frípunktasöfnun embættis- og stjórnmalámana á ferðum sínum með Flugleiðum, kostuðum af almannafé. Flugleiðabonusinn má ekki koma skattgreiðendum til góða. Nei, hann skal renna í vasa einstaklinga, sem ferðast á kostnað skattgreiðenda. Þessa „meðvitudu ákvörðun“ tóku stjórnvöld þar sem það „svaraði ekki kostnaði“ að standa í þessu! Hugsanleg lækkun ferðakostnaðar í þágu hins opinbera um 5 – 10% er skitirí, sem ekki tekur að nefna að dómi þeirra, sem trúað hefur verið fyrir skattþeningum þegnanna.

Það eru tvær hliðar á krónunni. Á meðan sjúkrahúsin eru í fjársveldi, við höfum ekki lengur efni á að verja landhelgina og veita sjómönnum og íbúum strjálbýlis öryggi að vetrarlagi og ekki eru til peningar til að rannsaka mengun á fiskislóðum, eru landsmönnum kynntar niðurstöður hönnunarsamkeppni um stórhýsi undir nokkur ráðuneyti.

Sannast hér hið fornkvæðna að sínum augum lítur hver á silfrið.

s.h.

Frá útgefendum:

Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýllisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Linda Rut Ásgeirsdóttir, Arnarflöt 9, sími 586 2192. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flat-eyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Útgefandi: H-prent ehf. Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • **Neffang prentsmiðju:** hprent@bb.is • **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, neffang: bb@bb.is • **Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson • **Blaðamenn:** Haukur Magnússon, sími 695 8158, neffang: haukur@bb.is, Hálfadán Bjarki Hálfadánsson, sími 863 7655, neffang: blm@bb.is • **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, neffang: halldor@bb.is • **Fréttavefur:** www.bb.is • **Lausasöluverð** er kr. 200 eintakið m. vsk. • **Áskriftarverð** er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti

Forsvarsmenn Vélsmiðju Ísafjarðar leggja ast gegn því að kvöðin verði numin úr gildi

Svo er að skilja að lóð sem liggur milli tveggja húsa Póls hf. á Ísafirði sé fyrirtækinu frjáls til ráðstöfunnar, en vafi lék á því hvort kvöð um umferðarrétt á lóðinni væri í gildi. Að sögn Guðna Geirs Jóhannessonar, formanns bæjarráðs Ísafjarðarbæjar sem fjallaði um málið í síðustu viku, mun svo ekki vera. „Það er minn skilningur að kvöðin hafi í

raun aldrei verið í gildi“, segir Guðni Geir. Aðspurður sagði hann að leigutaki lóðarinnar, Póls hf., hafi því rétt til að nýta lóðina þó svo að sú nýting sé til tálma fyrir umferð.

Forráðamenn Póls segja mörg rökstyðja þá skoðun að best sé að engin umferð sé á lóðinni. „Starfsmenn eru sífellt að ganga á milli húsa og fyrir stuttu munaði minnstu

að einn starfsmaður yrði keyrður niður“, segir Hörður Ingólfsson, stjórnarformaður Póls. „Þar að auki þarf að nota lóðina til athafna og í framtíðinni viljum við tengja byggingarnar saman, fyrst með bráðabirgðatengingu, en síðar meir með stækkunum húsanum tveggja.“

Í bókun umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar þann 31. júlí



Póls hf. á Ísafirði.

kemur fram að forsvarsmenn Vélsmiðju Ísafjarðar leggist eindregið gegn því að umrædd kvöð verði numin úr gildi. Vilja Vélsmiðjumenn meina að það myndi hindra starfsemi smiðjunnar og gera hana nær óstarfhæfa. Veðgildi hússins minnki og farið verði fram á skaðabætur eða að Ísafjarðarbær kaupi húseignina, verði kvöðin numin úr gildi.

Svo er að skilja sem umrædd umferðarkvöð hafi verið háð því að húsnæði Vélsmiðju Ísafjarðar yrði stækkað. Fyrir liggur að fyrirtækið sótti tvívegis um leyfi til stækkunar og var fyrri erindinu hafnað þar sem fyrirhuguð bygging fór út fyrir byggingarreit samkvæmt mæliblaði. Vilja Vélsmiðjumenn meina að síðari umsókninni hafi ekki verið

svarað, en umhverfisnefndin hafa verið hafnað þar sem teikningar voru ómálsettar og afstöðumynd vantaði.

Í afgreiðslu umhverfisnefndar leggur hún til við bæjarstjórn að felld verði úr gildi samþykkt frá 12. júlí 1984 um kvöð um umferðarrétt á lóðinni. Í þessa afgreiðslu vísaði bæjarráð í síðustu viku.

Lítill fjögurra tonna trilla strandaði í Súgandafirði

Einn maður var um borð og komst í land af sjálfsdáðum

Lítill fjögurra tonna trilla strandaði á mánudagskvöld við Gölt í Súgandafirði. Einn maður var um borð í trillunni og komst hann í land af sjálfsdáðum. Til þess að gera viðvart um strandið gekk maðurinn a.m.k. 10 km leið til Selárdals við Ásfjall sem er innar í Súgandafirði, en þar er sumarhús sem hann komst í síma.

Forsaga málsins sú að um sjöleytið á mánudag varð Tilkyningaskyldan vör við það að trillan datt út úr sjálfvirkri tilkyningarskyldu. Vaktmaður hefur síðan eftirgrennsan eftir trillunni, sem felst í því að reyna að ná

sambandi við hana í gegnum síma og talstöð. Einnig var athugað hvort trillan væri komin til hafnar án þess að láta vita af sér, en fyrir kemur að bátar séu komnir til hafnar með einhverjar bilanir í tækjabúnaði um borð og láti þess vegna Tilkyningaskylduna ekki vita. Þegar þessar fyrirspurnir bera ekki árangur var björgunarsveitin Björg frá Suðureyri kölluð út og beðin að fara á staðinn sem sást síðast til trillunnar.

Þegar björgunarsveitarmenn voru á leið á vettvang, komu boð um að skipbrotsmaður af trillunni sem leitað hafði verið að, hefði komið

fram heill á húfi við Selárdal við Ásfjall í Súgandafirði. Í framhaldi af því var ákveðið að björgunarsveitin sneri við, enda komið kolsvartamyrkur og ekkert hægt að gera á strandstað. Ekkert neyðarkall barst frá trillunni. Í gærmorgun fór síðan björgunarsveitin Björg frá á strandstað til að skoða aðstæður. Gott veður var á þessum slóðum á mánudag, hægur vindur og súld með köflum. Skipverjandinn var fluttur á lög-reglustöðina á Ísafirði til skýrslugerðar. Hann reyndist ölvaður að sögn lög-reglu.

Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur

Deila um nýtingu Seljalands í Álftafirði

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur í bréfi til Súðavíkurhrepps ítrekað mótmæli Ísafjarðarbæjar við aðalskipulag hreppsins, en þar er gert ráð fyrir því að jörðin Seljaland í botni Álftafjarðar, sem er í eigu Ísafjarðarbæjar, verði skilgreind sem hverfisverndarsvæði.



Halldór Halldórsson. Hæri við Súðavíkurhrepp.“

Segir í bréfi Halldórs að Ísafjarðarbær telji „að ef fyrirhugað skipulag taki gildi óbreytt muni bærinn verða fyrir tjóni vegna skertrar nýtingar af jörðinni Seljalandi í Álftafirði. Samkvæmt 33. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 á sá sem fyrir slíku tjóni verður rétt á bótum úr sveitarstjóði. Þegar af þeirri ástæðu er allur réttur áskilinn af hálfu Ísafjarðarbæjar til þess að koma bótakröfu síðar á fram-

hverfisverndarsvæðum fylgja ýmsar kvaðir, m.a. um verndun náttúruvænna eða trúgróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mótmælti fyrirhugaðri nýtingu Seljalands upphaflega fyrir rúmu ári síðan, en


hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hafnaði athugasemdum Ísafjarðarbæjar á fundi sínum þann 13. desember sl. og áréttaði að á landinu yrði hverfisverndarsvæði. Í kjölfarið fól bæjarráð bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar að kanna hugsanlegan skaðabótarétt Ísafjarðarbæjar vegna afgreiðslunnar.

Þegar blaðið innti Ágúst Kr. Björnsson, þá settan sveitarstjóra Súðavíkurhrepps, álitis á málinu þann 16. síðasta mánaðar hafði hann þetta um málið að segja: „Landeigandi hefur allan rétt til að mótmæla skipulagi og það er eðlilegt að hann nýti þann rétt ef hann er ósáttur. Í aðalskipulagi er talað um að stefna að því að gera jörðina að hverfisverndarsvæði, en það verður ekki gert á einni nóttu, síst í trássi við landeiganda.“

Útsalan

hófst í dag

25-40% **afsláttur**



Hafnarbúðin

Hafnarhúsinu við Suðurgötu • Sími 456 3245

Ísfirskur háveruleiki heillar langskólagengnar listahóru

Reykvísku listakonurnar Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Ingibjörg Magnadóttir sátu í þrjár vikur í sumar í íbúð við Pollgötu á Ísafirði og lögðu drög að kvikmyndahandriti. Innblásnar af hafsvæði því sem kallað er Pollur og hrikalegum harmraveggjum Eyrarfjalls sátu þær baki brotnu við skriftir, en tóku sér pásu á milli kapítula og upplifðu vestfirskt mannlíf og ísfirska ást. Fljótlega eftir komuna til Vestfjarða lentu þær á útihátíð í Súgandafirði. Ekki létu þær sér nægja að upplifa sælu á Suðureyri, heldur óku þær upp á Bolafjall og fóru á sveitaball í Ögri í Ísafjarðardjúpi. Uppveðraðar yfir þessum affreyningarofsa fóru þær til síns heima rétt fyrir síðustu mánaðamót en segjast staðráðnar að koma aftur.

Styrkur frá Kvikmyndasjóði

Báðar eru þær Ásdís Sif og Ingibjörg langskólagengnar listakonur. Ingibjörg nam hin merku vísindi við Listaháskóla Íslands en Ásdís við „School of Visual Art“ í Nýju Jórvík. Fyrir tæpum tveimur árum fengu þær stöllum hugmynd að kvikmyndahandriti og þráðu að reyna fyrir sér í þeim geira.

Eins og listamanna er síður sóttu þær um styrk svo hægt yrði að skrifa handritið. „Við sóttum um handritastyrk frá stutt- og heimildamyndadeild Kvikmyndasjóðs Íslands“, segir Ingibjörg. „Við fengum svo að vita fyrir stuttu síðan að okkur hefði hlotnast 300.000 króna styrkur og kættumst mjög.“

Margir kostir við að skrifa á Ísafirði

Að sögn Ásdísar stóð alltaf til að hefja skriftir utan höfuðborgarsvæðisins.

„Það hefur marga kosti í för með sér að skrifa úti á landi. Fyrir það fyrsta vissum við að við þyrftum að vera ofsalega mikið saman. Það er líka gott að geta tekið sér frí frá sínu lífi og einbeitt sér að verkefninu. Svo er líka ódýrara að búa úti á landi. Ég mæli hiklaust með þessu.“

Ingibjörg samsinnir og bætir við. „Ísafjörður kom strax sterklega til greina. Við eigum vini sem búa á Ísafirði eða þekkja þar til, svo að við komumst strax í gott samband við bæinn. Svo held ég að forlögin hafi

leitt okkur vestur. Ég fékk það einfaldlega á tilfinninguna að við áttum að fara til Ísafjarðar.“

Liðleg bæjaryfirvöld


Eins og kunnugt er hefur Ísafjarðarbær áhuga á að bjóða listamönnum upp á aðsetur í bænum, eins konar listamannaíbúðir. Ásdís og Ingibjörg nutu góðs af þessu.

„Vinkona okkar, sem býr á Ísafirði, talaði við bæjaryfirvöld og það um íbúð fyrir okkur“, segir Ásdís. „Stuttu seinna hringdum við í bæjarritara sem tók erindi okkar ótrúlega vel. Tveimur tímum eftir símtalið hringdi hann aftur og var þá búinn að redda okkur íbúð.“

Ingibjörg segir að þegar þarna var komið sögu hafi þær pakkað í flýti og hoppað upp í næstu vél vestur. „Bæjaryfirvöld voru alveg ótrúlega liðleg og það má segja að viðtökur þeirra hafi verið forsmekkurinn af því sem koma skyldi. Við fengum íbúð í Pollgötublokkinni með frábæru útsýni yfir Pollinn sem veitir okkur innblástur þegar við erum að vinna.“

Nóg að gera

En listakonurnar tvær hafa ekki bara unnið á Ísafirði, því maðurinn lifir ekki á brauði einu saman. „Við vorum búnar að ákveða að koma ekki bara til að skrifa, heldur líka til að upplifa og skoða“, segir Ingibjörg. „Við kynntumst strax vönduðum drengjum sem leiddu okkur um öngstíga vestfirskis skemmtanalífs. Þeir tóku okkur upp á arma sína og tóku okkur líka svölitið í gegn. Með óhefluðu orðafari fengu þeir okkur til að ráðast



í mikla naflaskoðun og líta á eigin gjörðir með gagnrýnna hugarfari en okkur hafði áður tamist.“

Ásdís segir að næstu helgar hafi verið mjög viðburðaríkar. „Fyrstu helgina fórum við á hátíð á Suðureyri“, segir Ásdís. „Þá næstu var okkur boðið í humarveislu og þriðju og síðustu helgina á alvöru sveit- arball í Ögri. Við getum alls ekki sagt að það sé ekkert að gera á Vestfjörðum.“

Tíminn nýttist vel

En eru handritshöfundarnir verðandi ekki búnir að upplifa helst til mikið fyrir vestan, hafa þær stöllum komið nokkru í verk? „Tíminn hefur nýst rosalega vel“, segir Ingibjörg. „Við höfum fengið mjög mikið af hugmyndum og náð að koma þeim niður á blað. Okkur datt náttúrulega aldrei í hug að okkur tækist að klára handritið á Ísafirði og við eigum mikla vinnu fyrir höndum, en við komumst mjög vel af stað.“

Ásdís er sammála þessu. „Þó að við höfum skemmt

okkur konunglega hefur það ekki komið niður á vinnunni. Þessi upplifun gefur okkur líka fullt af hugmyndum fyrir framtíðarskrif.“

Efnið og andinn klofin í sundur

Þegar listakonurnar eru spurðar um hvað handritið fjallar, verða svörin fá og gjör- samlega óskiljanleg. „Myndin á að fjalla um íslenskan há- veruleika, þráhyggju fólks og trú þeirra á ákveðnum hlutum

og samband drauma við veruleikann. Myndin verður draumkennd og efnið og andinn verða klofin í sundur“, segja þær Ásdís og Ingibjörg í kór.

Forviða yfir þessum til- svörum listakvennanna yf- irgefur blaðamaður og bið- ur þær Ásdís og Ingibjörgu vel að lifa. En lætur þess getið í lokin, að orðalagið á fyrirsögninni á þessu við- tali er samkvæmt hugmynd og vilja viðmælendanna.

Sturla Böðvarsson samgöngu- ráðherra flytur ávarp á þinginu

Fjórðungsping Vestfirðinga, hið 47. í röðinni, verður sett í Safnaðarheimilinu í Bolungarvík föstudaginn 30. ágúst nk. Á meðal dagskrárlíða á þinginu má nefna fram-

sögu Aðalsteins Óskarssonar, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um Byggaáætlun fyrir Vestfirði, sem unnin var í mars á þessu ári af sveitarfélögum á Vest-

fjörðum.

Pá mun Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra ávarpa þingið og Gísli Eiríksson, umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði mun fjalla um samgöngumál í fjórðungnum. Gunnlaugur Júlíusson mun síðan hafa framsögu um stöðu hafnarsjóða á Vestfjörðum. Síðari þingdaginn mun Ingimar Halldórsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga kynna vinnu við gerð menningarssamning fyrir Vestfirði auk þess sem þau Smári Haraldsson, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, Aðalsteinn Óskarsson, fram-



Ingimar Halldórsson, framkvæmdastjóri FV.

kvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Elsa Arnardóttir, forstöðumaður Fjölmenningsseturs á Vestfjörðum og Anton Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, munu flytja stuttar skýrslur um starfsem-

ina. Þá fer fram stjórnarkjör en ljóst er að a.m.k. tveir stjórnarmenn, Ólafur Kristjánsson í Bolungarvík og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir á Reykhólum, eru ekki kjörgeng í nýja stjórn sambandsins.

Leiðin upp á Bolafjall

Veginum lokað

Veginum frá Skálavíkurreiði upp á Bolafjall var lokað á nýjan leik á mánudag í síðustu viku, en hann var opnaður í byrjun júlí eftir að hafa verið lokaður almennt umferð um árabíl. Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir að veginum sé lokað nú vegna þess að verið sé að fara í miklar og óhjákvæmilegar endurbætur á honum.

„Bolafjallsvegur verður því enn betri á næsta ári og verður jafnframt opinn mun lengur. Veðurfar ræður mestu um hvenær verður hægt að opna veginn á nýjan leik, en búast má við að það gerist snemma sumars,“ segir Ólafur og bætir við að almennt ánægja virðist vera

með opnunina. „Starfsmenn á Bolafjalli hafa sagt mér að umferðin upp hafi verið ótrúlega mikil, þó ekki séu haldnar neinar tölur um gestafjölda. Það er nauðsynlegt að geta boðið ferðalögum og Vestfirðingum öllum að aka upp á fjallið og virða fyrir sér tignarlegt útsýnið þaðan.“

Vegurinn upp Bolafjall var sem kunnugt er gerður á nýnda áratugnum vegna byggingar ratsjárstöðvar á fjallinu og var opinn almennum borgurum fyrstu tvö árin, en hefur verið lokaður síðan. Vegagerðin hefur nú náð samkomulagi við eigendur vegarins og ratsjárstöðvarinnar um afnotaleyfi af veginum

Sumarleikur Sláturfélags Suðurlands

Heppinn Ísfirðingur

Ísfirðingurinn Bjarni Jón Sveinsson gerði sér glaður í bragði ferð suður til Reykjavíkur í síðustu viku því kappinn hafði svo sannarlega dottið í lukkupottinn.

Bjarni tók þátt í Sumarleik SS með því að senda inn númer

eraröð aftan á pylsupakkanum sem SMS skilaboð og hann fékk þau skilaboð nokkrum andartökum síðar að hann hefði unnið utanlandsferð fyrir alla fjölskylduna að verðmæti 300.000 krónur. En þetta er ekki allt því að auk þess að fá miða út í heim fékk Bjarni einnig MasterCard kreditkort

með 300.000 króna inneign sem nýttis ágætlega þegar það er verið á ferðalagi erlendis.

Það sem Bjarna fannst aftur á móti verst var að hann kláraði sumarfrí sitt degi áður en hann keypti þennan SS pylsupakka sem færði honum vinning að andvirði 600.000 krónur.

Þýsku hjónin dr. Senta Siller og dr. Norbert Pintsch

Halda námskeið í brúðugerð á Flateyri

Þýsku hjónin dr. Senta Siller og dr. Norbert Pintsch sem gáfu skemmtilegt safn brúða frá ýmsum löndum til Flateyrar eftir snjóflóðið árið 1995, eru væntanleg til Flateyrar síðar í þessum mánuði til að halda námskeið í brúðugerð.

Með þeim í för verður Farzana Zahoor sem stjórnar brúðugerð í þorpi einu í Pakistan. Hjónin hafa á undan-

förnum árum unnið að verkefnum í Afríku, Asíu í Austurlöndum nær, til styrktar byggðarlögum sem eiga í vök að verjast. Þar hafa þau m.a. kennt konum brúðugerð og séð um sölu þeirra.

Námskeiðið hefst fimmtudagskvöldið 22. ágúst kl. 20 á efri hæð Hafnarstrætis 11 þar sem verslunin Félagskaup var til húsa. Námskeiðinu verður

fram haldið kl. 20 á föstudagskvöld og frá kl. 9-16 á laugardag og sunnudag. Þátttökugjald er kr. 5.000.- fyrir alla dagana.

Hægt er að skrá sig á námskeiðið hjá Jóhönnu Kristjánsdóttur í sínum 456 7626, 456 7763 og 864 2943 og hjá Sigríði Sigursteinsdóttur í síma 865 0443.

Leiðrétting

Þau leiðu mistök áttu sér stað í umfjöllun um nokkur hús á Ísafirði í síðasta blaði að Manfréd Vilhjálmsson, arkitekt var sagður hafa hannað íbúðarhúsið að Seljalandsvegi 16.

Hið rétta er hins vegar að fyrrum samstarfsmaður hans og kollegi, Guðmundur Kr. Kristinsson sem hannaði húsið í samvinnu við Ferdinand Alfredsson sem er arkitekt hússins.

Beðist er velvirðingar á mistökunum.



Verkefnisstjóri

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða auglýsir laust starf verkefnisstjóra/ráðgjafa á viðskipta og markaðssviði.

Starfsvið:

- Viðskipta- og markaðsráðgjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
- Greining og kynning fjárfestingakosta á Vestfjörðum.
- Verkefnastjórnun og umsjón með kynningarstarfi félagsins.

Leitað er að einstaklingi með menntun í viðskipta- eða rekstrarfræði. Menntun og/ eða reynsla í markaðsstörfum er æskileg auk tungumálakunnáttu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf hið fyrsta.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri í síma 450 3000 og 862 6092 eða með tölvupósti á netfangið adalsteinn@atvest.is

Umsóknir sendist til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf., Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði, eigi síðar en 28. ágúst nk.

smáar

Til sölu er einþýlishúsið að Sundstræti 39 á Ísafirði. Uppl. í síma 456 4258 eftir kl. 19.

Til sölu er ljósgrænn Opel Astra árg. 2000, ekinn 41 þús. km. Verð kr. 1.340.000. Uppl. í síma 899 0774 (Pálfríður) og 894 8836 (Jón Svanberg).

Til sölu er Simo barnakerruvagn með burðarrúmi. Vagninn var keyptur 1999. Upplýsingar í síma 456 5326 og 895 5326 eftir kl. 17 á daginn.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Seljalandsvegi 71 á Ísafirði. Laus nú þegar. Upplýsingar í síma 456 3803.

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð á leigu. A sama stað er til sölu Suzuki Vitara JLX, árg. 1998, ekinn 65 þús. km. Verð kr. 1.100.000. Upplýsingar í síma 849 0113.

Til sölu er Toyota Corolla STD árg. 1991, ekinn 105 þús. km. Frábær bíll. Vel með farinn og í góðu ástandi. Verð kr. 200 þús. Uppl. í síma 848 6042 eftir kl. 16.

Til sölu er MMC Space Wagon árg. 1994. Frábær 7 manna bíll. Uppl. í sínum 456 3587 og 867 0372.

Til sölu er 4-5 herb. íbúð í hjarta bæjarins. Upplýsingar í síma 456 5151.

Til sölu er sem nýr leðurjakki. Upplýsingar í síma 456 3380.

Til sölu er 24m² sumarbústaður í Dagverðardal. Verð kr. 300 þús. Uppl. í síma 456 3663.

Til sölu er amerískur þurrkari fyrir 220 volt. Tekur 10 kg. Verð kr. 50.000. Upplýsingar í síma 846 9666.

Tek að mér ræstingum í heima- húsum og öðru sem þarf. Uppl. í síma 456 6274.

Óska eftir sófasetti á lágu verði. Uppl. í síma 456 4700.

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 0248.

Til sölu eða leigu er 3ja herb. íbúð að Austurvegi 12, efri hæð. Laus strax. Upplýsingar í síma 456 4181.

Allir krakkar á aldrinum 6-16 ára! Munið körfuboltaveisluna á laugardaginn í íþróttahúsinu á Torfnesi frá kl. 14-17. Aðgangur ókeypis. Takið mömmu og pabba og strigaskóna með. Stjórn unglíngaráðs.

Skólafólk, fyrirtæki og einstaklingar! Höfum til leigu herbergi í lengri eða skemmrí tíma með húsgögnum og aðgangi að eldhúsi og þvottahúsi. Eru á besta stað miðsvæðis í Kópavogi. Uppl. í síma 895 1735.

Óska eftir frystikistu á góðu verði. Einnig gegnheilu viðar- eldhúsbörði úr furu eða ljósum haróviði. Uppl. gefur Jónína í síma 456 7760 og 867 0799.

Til sölu er Toyota 4Runner árg. 1992, ekinn 106 þús. km. Fallegur og mjög vel með farinn bíll í toppstandi. Billinn er með V6-vél, beinskíptur, með topplúgu og rauður og grár að lit. Uppl. í síma 456 3170.

Ung hjón bráðvantar 3-4 herb. íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 695 8171.

Gerist áskrif-
endur í síma
456 4560

Nýtur flugsins betur þegar enginn mótur er um borð

Flugið hefur heillað menn frá dögum Leonardo da Vinci, og eflaust löngu fyrir hans tíð. Á síðustu öld urðu gífurlegar framfarir í flugi og undir lok aldarinnar voru menn farnir að skröltast um loftin blá á alls kyns farartækjum. Al-gengast er að menn fljúgi um hefðbundnum flugvélum, en þar að auki hamast menn á loftbelgjum, geimskutlum, svifdrekum, loftskipum og svifflugvélum svo fátt eitt sé nefnt. Síðastnefndu loftförin hafa heillað Andra Jónsson, 16 ára gamlan Bolvíking, sem hefur eytt mest öllu sumrinu á Sandskeiði á suð-vesturlandi. Án þess að ljúga neinu, væri hægt að segja að Andri ætti 5 flugvélar. Þær eru þó allar í minni kantinum og bera ekki farþega. „Ég hef lengi haft áhuga á flugmótelsmíði. Núna á ég fimm mótél, en þrjú þeirra eru þó bara á byrjunarstigi.“

Fetaði í fótspor afa

Andri byrjaði ungur að láta sig dreyma um flug. „Ég held að ég hafi þráð ekkert heitara en að komast í loftið frá því ég var 6 eða 7 ára gamall. Afí

minn hafði verið í svifflugi á fimmta áratug síðustu aldar, þegar hann var á svipuðum aldri og ég. Þá voru þeir að skjóta svifflugunum með teygju úr fjallshlíðum, en nú eru menn farnir að nota aðeins betri græjur til að koma svifflugunum á loft.

Ég kynntist sviffluginu í gegnum afa, því þegar ég var lítill var ég alltaf að sjá myndir af honum svífandi um. Mig langaði alltaf að feta í þessi fótspor og fór svo að lokum á Sandskeið, þar sem Svifflugfélag Íslands hefur aðstöðu, og spurðist fyrir. Þar á bæ var mjög vel tekið á mótí mér og menn vildu allt fyrir mig gera. Það eru nokkrir á svipuðu reki og ég sem eru að fljúga á Sandskeiði og ég lenti strax í mjög skemmtilegum félags-skap. “

Hættan alltaf undir flugmanninum komin

Það liggur beint við að spyrja Andra hvað sé svona heillandi við svifflug og hvernig það er frábrugðið venjulegu flugi. „Aðalmálið er að sjaldnast er vél um borð



Andri með afa sínum við svifflug á Sandskeiði.

og maður er þess vegna laus við allan hávaða og nýtur þess miklu betur að fljúga. Maður þarf að hafa augun á landslaginu allan tímann og passa sig á því að fara aldrei of langt nema maður hafi næga hæð, því það er ekki hægt að gefa í ef maður er kominn of lágt. Svo fær maður bara eitt tækifæri til að lenda, það er ekki hægt að hætta við landingu ef manni líst ekki á blikuna.

Helstu ókostirnir við svifflug eru þeir að það er rosalega háð veðri. Þar að auki er mjög erfitt að fara eitthvað, maður getur ekki skroppið til Reykjavíkur yfir helgi, nema að sjálf-sögðu ef aðstæður eru sérstaklega góðar. Menn hafa náð löngum flugum við góðar aðstæður, ég held að heimsmetið sé eitthvað um 2.000 kílómetra.“

Myndirðu segja að svifflug

væri hættulegra en venjulegt flug?

„Ég held að það gildi um allt flug, að hættan er undir flugmanninum komin. Ef maður flýgur agað og fer eftir öllum reglum er flugið mjög hættulítið, hvort sem um er að ræða vélflug, svifflug eða annað.“

Kom vel undan vetri

Andri hóf að læra svifflug síðasta sumar, aðeins 15 ára gamall. „Ég byrjaði frekar seint um sumarið og gat þess vegna ekki klárað námið þar sem skólinn var að byrja. Það kom þó ekki að sök, því ég kom mjög vel undan vetri og fékk svokölluð sólóréttindi á fyrsta degi þegar ég snéri aftur í sumar. Núna má ég sem sagt fljúga einn, en get ekki ennþá boðið neinum í flugtúr.



Öldungadeild og meistaranám

Innritun fyrir haustönn 2002

Fundur verður með nemendum í öldunga-deild og meistaranámi fimmtudaginn 29. ágúst kl. 20:00 í fyrirlestrarsal skólans. Kennsla hefst mánudaginn 2. september skv. stundaskrá.

Áfangar í boði í öldungadeild ef næg þátt-taka fæst:

BÓK 313, DAN 103, ENS 303, ÍSL 212, ÍSL 242 (valgrein í öldungadeild), NÁT 103 (líffræði), NÁT 123 (eðlis- og efnafræði), REK 103, SAG 103, STÆ 202, TÖL 103 og ÞÝS 403.

Áfangar í boði í meistaranámi ef næg þátttaka fæst:

BÓK 313, ENS 303, ÍSL 242, MKE 102, MRS 103, MST 104, REK 103, STÆ 202, TÖL 103, MIB 101 og MSÖ 101 (snyrtigreinar).

Nýir nemendur velkomnir.

Skólameistari.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Isafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldir eignir eru einungis sýnishorn úr sölu-skrá okkar, leitið nánari upplýsinga á skrifstofu.

ISAFJÖRÐUR:

Austurvegur 12: Tæplega 60 m² 3ja herb. íbúð á annarri hæð.

Fjarðarstræti 13: Rúml. 73 m² 3ja herb. íbúð á 1. hæð. Verð tilboð.

Fjarðarstræti 14: 4ra herb. íbúð á 1. hæð, 100 m², 60 m² kjallari og geymsluskúr 38 m². Verð kr. 5.800.000,-

Grundargata 2: Rúml. 60 m² 2ja herb. íbúð á 1. hæð. Verð kr. 3.000.000,- Laus.

Hlíðarvegur 16: Lítil 3ja herb. íbúð á 2. hæð í tvíbýlishúsi. Verð kr. 3.800.000,- Laus þ. 1/11 nk.

Mánagata 6: Efri hæð 155 m² 5-6 herbergja.

Mjallargata 1: 70 m² 2ja-3ja herb. íbúð á 2. hæð.

Smíðjugata 11a, rúmlega 150 m² einbýlishús, tvær hæðir, ris og kjallari ásamt litlum bílskúr.

Stórholt 7: 3ja herb. íbúð á 2. hæð f.m. Verð kr. 3.800.000. Laus.

Stórholt 13: 80 m² 3ja herb. íbúð á 2. hæð t.h. Góð lán áhvilandi. Gott útsýni. Verð kr. 5.500.000,-

Strandgata 5: Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 800.000,-

Suðurtangi 2: 160 m² iðnaðarhús-



Traðarland 29: Tvílyft steinhús 182 m² með innb. bílskúr. Húsið er byggt 1982. Frágangi þess að öllu lokid. Nýjar eldhúsinnréttingar, falletgur garður og sólpallur. Húsið getur losnað fljótlega. Verð kr. 8.600.00.



Túngata 18: 90 m² 4 herbergja íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega. Verð kr. 6.500.000,-

næði á jarðhæð, 123 m² íbúð á 2. hæð og 64,5 m² íbúð á jarðhæð.

Túngata 18: 90 m² 4 herb. íbúð á 3. hæð. Laus fljótlega.

Verð kr. 6.500.000,-

Urðarvegur 70: Raðhús með innb. bílskúr alls um 195 m². Laust eftir samkomulagi. Verð tilboð.

BOLUNGARVÍK:

Heiðarbrún 2, Bolungarvík: Rúml. 140 m² einbýlishús ásamt bílskúr. Laust samkv. samkomulagi.

Höfðastígur 6: Rúmlega 170 m² íbúð á efri hæð og séríbúð í kjallara. Getur selst sitt í hvoru lagi.

Ljósaland 6: 256,7 m² einbýlishús með innb. bílskúr. Laust. Verð kr. 3.500.000,-

Skólastígur 19: Rúmlega 100 m² íbúð á efri hæð í parhúsi. Verð kr. 4.200.000,-. Bein sala, en skipti á einb. húsi koma til gr.

Stigahlíð 2 og 4: 2ja og 3ja herb.

íbúðir. Verð: 1,5 til 3 milljónir.

Vitastígur 21: 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Verð kr. 3.200.000,-

Þjóðólfsvegur 16: 2ja herbergja íbúð á 3. hæð. Laus. Verð kr. 1.300.000,-

SUÐUREYRI:

Sættún 8: 190 m² raðhús.

ÞINGEYRI:

Fjarðargata 34a: rúmlega 100 m² parhús. Húsið er laust.

BÍLDUDALUR:

Arnarbakki 1: 104 m² einb. hús. Laust. Verð kr. 3.200.000,-

Dalbraut 12: 113 m² einb. hús. Laust.

PATREKSFJÖRÐUR:

Stekkjarn 14: 173 m² tvílyft einbýlishús. Verð 4.700.000,-. Laust.

Þau réttindi ætla ég að taka næsta sumar. Þá þarf ég að vera kominn með fimm klukkustunda reynslu í einmenningsflugi, eða sólólflugi. Mér var farið að finnast ég vera ansi góður, mér tókst að hanga í fjallshlíðum og ná uppstreymi, en átta mig nú samt á því að ég á nokkuð í land ennþá.

Í vetur ætla ég að taka bóklegan hluta námsins og vonast til að geta tekið hann á Ísafirði. Ég fæ sendar bækur og slíkt að sunnan og þarf nú bara að vona að flugmálayfirvöld verði liðleg og sýni mér skilning.“

Fékk fimm flugtíma í fermingargjöf

Andri lætur sér ekki nægja að læra sviffflug, því hann hefur farið í nokkra vélflugstíma. „Þegar ég fermdist fékk ég 5 flugtíma í fermingargjöf. Ég hoppaði strax upp í vél og hefði verið tilbúin í að fljúga meira, en kennarinn ráðlagði mér að bíða með það þangað til ég væri nær því að hafa aldur til að fá skírteinið.

Ég er að vona að mér takist að fá flugkennara vestur, en til þess þyrftu helst fleiri Vestfirðingar að vilja læra. Í vetur ætla ég að reyna að vinna í þeim málum, auk þess sem ég fer í Menntaskólann á Ísafirði.“



Bolvíkingurinn ogsvifflungsáhugamaðurinn Andri Jónsson.

Menntaskólinn á Ísafirði settur í 33. sinn á sunnudag

Dagskólanemendum fjölgar

Menntaskólinn á Ísafirði verður settur í 33. sinn sunnudaginn 25. ágúst næstkomandi. Athöfnin fer fram á sal skólans á Torfnesi og hefst kl. 17:00. Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari segir skráningartölur haustsins lofa góðu um skólabyrjun. Dagskólanemendum fjölgar nokkuð frá því sem var við upphaf skólaárs í fyrra, því nú hafa um 293 nemendur innritast í dagskóla en voru 280 fyrir ári. Þetta gerist þrátt fyrir að nú sé að koma inn minnsti árgangur fyrsta árs nema um langt ára-

bil. Mest virðist fjölgunin verða meðal 2. og 3. árs nema bóknáms, þar á meðal er umtalsverður hópur nemenda sem höfðu hætt námi við skólann en eru nú að snúa aftur.

Skipting á brautir er með svipuðu móti og verið hefur undanfarin misseri. Náttúrufræðibrautin nýtur mestra vinsælda bóknámsbrauta, en einnig virðist aðsókn á verknaðsbrautir hafa glæðst, þar sem um 50 nemendur hafa innritast þetta skólaárið.

Nýting á heimavist virðist ætla að vera góð, 20 nemendur

hafa sótt þar um vist á haustönn.

Ólína Þorvarðardóttir skólameistari segir það „afar ánægjuleg tíðindi fyrir skólann og byggðarlagið að ungt fólk skuli halda tryggð við Menntaskólann á Ísafirði og vilji nýta sér þá menntunarkosti sem í boði eru heima í héraði.“ Hún segir að ráðning kennara hafi gengið að óskum og hlutfall réttindakennara verði umtalsvert hærra nú en verið hefur.

„Nú í sumar luku þrjár kennarar skólans réttindanami í

fjarkennslu, og útlit er fyrir að fjórir sem eru í réttindanami um þessar mundir ljúki því með vorinu. Þegar við bætist ráðning þriggja nýrra réttindakennara sem koma til starfa nú í haust, er útlit fyrir að eftir ár muni réttindakennurum skólans hafa fjölgað um níu. Það verður að teljast allgóð framför frá því sem var við upphaf síðasta skólaárs“ segir Ólína ennfremur, og kveðst horfa björtum augum til starfsársins sem framundan er.

Bygging svokallaðra kubbhúsa á Tunguskeiði

„Bæjarfélagið ætti að líta á þetta sem langtímafjárfestingu“

Byggingar á svokölluðum kubbhúsum sem Múrkraktur ehf. hyggst reisa í nýju íbúðarhverfi sem hefur verið skipulagt á Tunguskeiði á Ísafirði, eru enn í biðstöðu vegna þess að ekki hafa nægilega margir fengist til þess að staðfesta kaup á þeim til þess að Ísafjarðarbær hefji gatnagerð fyrir hverfið. Hermann Þorsteinsson, annar eigenda Múrkräfts, segir að Ísafjarðar-

bær miði við að 4-6 hús séu byggð svo gatnaframkvæmdir geti hafist, en enn hafa ekki fengist það margir til þess að staðfesta kaup á húsunum.

„Það er erfitt að safna saman þvílíkum fjölda í einu, enda vill fólk sem hefur hug á að byggja sér hús ekki þurfa að bíða eftir öðrum í lengri tíma. Mín tilfinning er sú að eftirspurn eftir húsunum, sem og öðrum íbúðalóðum þar, eigi

eftir að aukast um leið og framkvæmdir hefjast. Bæjarfélagið ætti að líta á þetta sem langtímafjárfestingu og gera undantekningu á kröfunum, fólk vill sjá að hlutirnir fari af stað áður en það ákveður að taka þátt. Aukinheldur sýnist mér að eftirspurn sé að aukast eftir íbúðarhúsum á Ísafirði og því er rétti tíminn núna,“ sagði Hermann í samtali við blaðið. Hann segir að Múr-

kraftur bjóði enn húsin til sölu og vonast til þess að nægilega margir staðfesti þannig að hægt verði að hefjast handa við smíðarnar innan tíðar.

Áætlað er að umrædd hús verði átta talsins, en smíði þeirra felst í því að steinsteypu er rennt í mót þar sem einangrun er bæði að utan og innan. Hér verður um fyrstu nýbyggingar íbúðarhúsnæðis í nýju hverfi um langt árabíl.



ÍSAFJARÐARBÆR

SKÓLASETNING GRUNNSKÓLANS

Grunnskólinn á Ísafirði verður settur mánudaginn 26. ágúst nk. Nemendur skólans mæti á sal skólans sem hér segir:

8.-10. bekkur, kl. 09:00.

6. og 7. bekkur, kl. 10:00.

4. og 5. bekkur, kl. 11:00.

2. og 3. bekkur, kl. 13:00.

Nemendur í 1. bekk og forráðamenn verða boðaðir sérstaklega. Kennsla hefst skv. stundaskrá þriðjudaginn 27. ágúst. Innkaupalistar eru á heimasíðu skólans á Skólatorginu.

Skólastjóri.

STARFSFÓLK ÓSKAST

Starfsfólk vantar í starf matráðs nemenda (fullt starf) og í hlutastarf í lengdri viðveru yngstu nemendanna.

Skólastjóri.

LAUSAR STÖÐUR Á EYRARSKJÓLI

Á leikskólanum Eyrarskjóli eru lausar tvær 50% stöður eftir hádegi á yngstu deildinni þar sem aldur barnanna er 1-3 ára. Vinnutími er frá kl. 13-17.

Leikskólakennaramenntun eða reynsla af vinnu með börnum æskileg.

Einnig er laus skilastaða, vinnutími er frá kl. 15:00-17:30. Tilvalið fyrir skólafólk sem vantar smá aukavinnu. Möguleiki er á að tveir geti skipt með sér skilastöðunni og unnið þá annan hvern dag eða eftir samkomulagi.

Ef þú hefur áhuga á krefjandi og skemmtilegu starfi í góðum starfsmannahóp, og ert ábyrgur og sjálfstæður einstaklingur, hafðu þá samband.

Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 456 3685.



Tónlistarskóli Ísafjarðar

Austurvegi 11 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3926

Innritun nemenda

Innritun nemenda fer fram á skrifstofu skólans fimmtudaginn 22. ágúst til miðvikudagsins 28. ágúst frá kl. 12:30 til 17:30.

Innritun í útibúum fer fram í kennsluhúsnæði þeirra. Á Suðureyri mánudaginn 26. ágúst frá kl. 16-18. Á Flateyri og í Súðavík þriðjudaginn 27. ágúst frá kl. 16-18, og á Þingeyri miðvikudaginn 28. ágúst frá kl. 16-18.

Nemendur þurfa að greiða staðfestingargjald og koma með stundatöflur. Það á einnig við um nemendur sem innrituðu sig í vor.

bb.is

Dagblað á netinu!

Grunndeild tréiðna starfrækt

Ákveðið hefur verið að kennsla hefjist að nýju í grunndeild tréiðna við Menntaskólann á Ísafirði í haust, en útlit var fyrir að svo gæti ekki orðið vegna lélegrar þátttöku. Þegar ný- og endurinnritun lauk í júní höfðu aðeins þrjú nemendur skráð sig til náms á brautinni, en síðan hafa a.m.k. sjö nemendur bæst við og hefur því settur lágmarksfjöldi á brautina náðst.

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, segir fagnaðarefni

að ekki þurfi að skerða námsframboð við skólann. „Það væri synd ef verknámið færi að láta undan síga vegna nemendafæðar, við eigum hér bæði góða aðstöðu til þess og afbragðs kennara. Mikilvægt er að geta svarað kalli samfélagsins á aukið námsframboð, en grundvöllurinn er vitaskuld að óskirnar séu í samræmi við eftirspurnina,“ segir Ólína.

Menntaskólinn á Ísafirði verður settur á sunnudag, en þessa stundina er verið að



ganga endanlega frá skráningum í skólann. Að sögn Ólínu er útlit fyrir að nemendur í dagskóla verði jafnvel enn fleiri nú en á síðasta skólaári. „Endanlegar tölur munu

liggja fyrir mjög fljótlega, en mér þykir óhætt að segja að þetta séu góðar heimtur á nemendum miðað við hve útskriftarárgangurinn úr skólunum á svæðinu er lítill.“

Vanmáttugir þingmenn

Í nokkuð snörpum leiðara BB frá 31/7 sl. er byrjað að tala um alvarlega stöðu Flateyrar hvað þjónustu Símans varðar. Ekki fæst þangað ADSL-tenging þar en Síminn telur það ekki vera þess virði að setja svoleiðis upp í „þorpi á borð við Flateyri“.

Það er mikilvægt að netið virki vel um allt land og auðvitað á vera jafnaðvælt að nýta sér möguleika netsins hvar á landi sem er. Og ef eitthvað er þá ekki síður á landsbyggðinni þar sem minna er um atvinnutækifæri, einkum á þeim stöðum þar sem útgerðarmenn hafa selt kvótann burt í skyni eiginhagsmuna eða misst hann eftir að hafa reynt með hetjulegri baráttu að halda veiðiheimildunum í byggðinni sinni.

Á síðustu árum hafa stórfelldir flutningar fólks af landsbyggðinni átt sér stað og byggðirnar hafa átt undir högg að sækja af mörgum ástæðum. Sérstaklega af mannavöldum. Bæði vegna þess sem hefur verið gert, til dæmis kvóta-

setning smábáta og þess sem ekki hefur verið gert, til dæmis að fella niður þungaskattinn, breyta skattkerfinu til hagsbóta fyrir landsbyggðina svo eitthvað sé nefnt, að ekki sé nú talað um almennilega netvæðingu.

Í áðurnefndum leiðara er minnst á að gjörðir þingmanna séu í þessu efni ekki í samræmi við yfirlýsingar þeirra. Sem þingmaður Samfylkingarinnar vil ég taka það fram að ég tel að það sé algert grundvallarmál fyrir landsbyggðina að fá góðar og samþærilegar nettengingar við þær sem eru á höfuðborgarsvæðinu og það á sama verði. Ég minni á að það kostar jafnmikið að tala í síma í 30 sek frá Flateyri til Grundarfjarðar og eins og það kostar að tala í síma í 30 sek frá Stjórnarráðinu yfir í Hæstarétt, sem er þar rétt hjá. Hvers vegna ætti ekki hið sama að gilda um línunotkunina á netinu?

Já, í þessum leiðara er vikið að vanmætti þingmanna. Sem þingmaður hef ég fundið fyrir

„...grundvallarmál fyrir landsbyggðina að fá góðar og samþærilegar nettengingar við þær sem eru á höfuðborgarsvæðinu og það á sama verði“



Karl V. Matthíasson, 2. þingmaður Vestfjarða skrifar

þessum vanmætti. Í mörgum málum hef ég verið ofurlíði borinn af stjórnarherrunum. T.d. í smábátamálum og öðrum þjóðþrifamálum sem tengjast fyrningarleiðinni. Einnig í ferðaþjónustumálum, þar sem ég lagði fram tillögu um átak til lengingar ferðaþjónustutímans. Þingsályktunartillaga um rannsóknir á þorskeldi fékkst heldur ekki afgreidd og fleira mætti nefna. Reyndar er ég glaður yfir því að tillaga um rannsóknir vegna hugsanlegrar virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði var samþykkt.

Ég treysti mér ekki til að

berjast fyrir því að álver verði reist á Flateyrinni. Hins vegar vil ég berjast áfram fyrir því að fólk eins og Flateyringar hafi möguleika til að veiða fiskinn sem syndir sem fagrar hafmeyjar, rétt við ströndina þar. En til þess að „þingmenn“ eins og ég geti komið einhverju góðu til leiðar verða þeir að fá enn meiri stuðning svo þeir megi hafa enn frekari áhrif til þess að byggðirnar megi eflast og fá að vera í friði fyrir þeim sem vilja ræna þær allri björg. Ekki myndi saka að BB legðist á þá sveifina. Skiptum um ríkisstjórn sem allra fyrst.



Auglýsing fyrir starfsleyfistillögu

Fyrir Þórð Kakala hf., fiskimjölsverksmiðju Bíldudal.

Í samræmi við 6. gr. í l. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. liggja frammi til kynningar starfsleyfistillögur fyrir Þórð kakala hf., Bíldudal, á afgreiðslutíma skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði til kynningar frá 21. ágúst 2002 til 16. október 2002.

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillöguna skulu hafa borist Hollustuvernd ríkisins í síðasta lagi 16. október 2002.

Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillöguna hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi, svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægðrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir, sem málið varðar.

Einnig er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Hollustuverndar ríkisins <http://www.hollver.is/mengun/mengun.html>

Hollustuvernd ríkisins
Mengunarvarnir,
Ármúla 1a, Reykjavík.

Atvinna

Starfsfólk óskast til afgreiðslu- og pökkunarstarfa. Vinnutími fyrir hádegis, eftir hádegis eða allan daginn. Möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma.

Upplýsingar gefa María, Rósa eða Ruth á staðnum.

Gamla bakaríið.

Eitthvað við að vera

Hverjum hugsandi Íslendingi hlýtur að vera það áhyggjuefni hversu ört fólk fækkar á Vestfjörðum. Upphaf síðustu aldar var tími framfara og velgengi í viðskiptalífi á Vestfjörðum. Síðastu áratugir hinnar nítjándu voru miklir uppgangstímar á Ísafirði og samskipti við útlönd veruleg og eftirtektarverð. Í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar rann upp nýtt framfaraskið á Vestfjörðum með komu skuttogara og auknum umsvifum í frýstingu. Rúmum áratug síðar var kvótakerfinu komið á. Vestfirðingum tókst ekki að nýta sér það með sama hætti og ýmsum öðrum heppnaðist. Miklar veiðar á rækju og vinnsla samfara þeim dugði skammt til aukinnar velferðar. Ákefðin bar menn ofurlíði og veiðireynsla varð ekki eftir heima í héraði. En kjarni málsins er þó sá að önnur færi til atvinnusköpunar tókust ekki. Þar er átak þörf af fullum krafti.

Þótt lítið hafi verið vonarugum til ferðaþjónustu um skeið skortir enn nokkuð á að þar sé að finna þá aukningu í atvinnu og störfum sem bráðvantar til þess að snúa afturför í framför. Árið 1895 kom út frásögn Matthíasar Jochumssonar, „Chicagoför mín“. Um hana ritaði Þorsteinn Gíslason ritstjóri og blaðamaður, hinn fyrsti sem hafði það að aðalstarfi, og sagði í umfjöllun um vestrurferðir Íslendinga er þá streymdu úr landi til að finna betri kjör og lífvænlegri: „Hið eina er að festa hugi manna við eitthvað heima, einhverjar hreyfingar, einhver fyrirtekki, þar sem vonin um framgang og árangur bindur.“ Fyrir rúmum eitt hundrad árum var honum ljóst hvað þurfti til, ef til vill ljósara en Vestfirðing nótímans.

Á árum heimstýrjaldar númer tvö streymdu Íslendingar úr sveitum landsins, af ystu nesjum og úr fjarlægum fjörðum til Reykjavíkur. Þar skorti húsnæði og aðstæður til þess að taka við fólkinu. Koma breska hersins og síðar hins bandaríska tryggði að atvinna snarjókst og fólkið hafði nóg við að vera og valdi það fram yfir fyrri aðstæður. Skipti engu þótt húsnæði skorti og það er fengist væri dýrt. Atvinna og betri laun freistuðu.

Fólksflóttinn af Vestfjörðum mun halda áfram ef hugir manna festast ekki við eitthvað heima. Menningin hér vestra freistar margra, tónlistin og margt fleira. Lengi var blómlegt leiklistarlíf á Bíldudal langt umfram fólksfjölda. Þar og annars staðar vakti athygli krafturinn sem bjó í fólki og entist því langt fram yfir starfstímamann í frystihúinu eða á sjónum. Nú er það atvinnan, lífþroskið sem vantar. Þar er undirstaðan sem allt annað er byggt ofan á. Eftir rúma viku mun verða fjallað um byggðaaætlun fyrir Vestfirði á Fjórðungspinginu í Bolungarvík. Það er sannast sagna mjög spennandi að fá upplýst hvernig henni er ætlað að taka á málum. Verður þar að finna atvinnuáætlun og hvað með samgöngumál sem einnig verða til umfjöllunar? Menningarsamningur fyrir Vestfirði er þýðingarlauss án atvinnu. Framgangur og árangur er það sem skiptir máli. Við fyrirtæki þess efnis bindast hugirnir heima annars halda fólksflutningar áfram og ekki verður við neitt ráðið. Ábyrgð þingmanna á Fjórðungspingi er mikil og eftir því mun verða tekið hvað þaðan kemur.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Verðlaunahafar á mótinu.

Ljósmynd: Grímur Lúðvíksson.

Punktamót Kvótaumsýslunnar ehf. í Bolungarvík

Jens og Pimonlask sigruðu

Punktamót Kvótaumsýslunnar ehf. í Bolungarvík var haldið í blíðskaparveðri á Syðridalsvelli á sunnudaginn.

Í karlaflokki sigraði Jens Hólm GGL með 42 punkta, annar varð Unnsteinn Sigurjónsson GBO með 41 punkt

og þriðji Þorsteinn H. Guðbjörnsson GGL með 38 punkta. Í kvennaflokki varð Pimonlask Rodpitake GÍ hlutskörpust með 36 punkta, næst kom Margrét Ólafsdóttir GÍ með 27 punkta og þriðja varð Valdís Hrólfsdóttir GBO með 17 punkta. Í unglingsflokki sig-

aði Sigurður Fannar Grétarsson GÍ með 31 punkt og Loftur G. Jóhannsson GÍ varð annar með 22 punkta.

Holuverðlaun hlutu Tryggvi Guðmundsson GÍ og Unnsteinn Sigurjónsson GBO. Þúttverðlaun fyrir lengsta þútt hlaut Arnar Smári Ragnarsson.

Björgunarfélag Ísafirðinga

Hyggst koma fyrir auglýsingastandi

Stór auglýsingastandur mun brátt mæta vegfarendum á Ísafirði, því Björgunarfélag Ísafirðinga hefur nú fengið leyfi bæjaryfirvalda til þess að koma upp slíkum standi með flettiskilti. Björgunarfélagið hefur lengi unnið að því að koma upp flettiskilti á Ísafirði, en fyrirætlanir þess hafa jafnan strandað á leyfisveitingu frá bæjaryfirvöldum. Víst er að sala auglýsinga á slíku skilti gæti orðið til þess að vænka fjárhag félagsins nokkuð. Jóhann Ólafson, gjaldkeri félagsins, segir að skiltið komi væntanlega upp fyrir árslok.

„Við erum búnir að panta skilti hjá innflutningsaðila, en þurfum að ganga frá sölu auglýsinga á það áður en við hefjumst handa því þetta er dýrt batterí. Ætlunin er að setja upp þríhyrningslaga stand við Hafnarstrætið, sennilega í nánd við Gamla Apótekið, og hver hinna þriggja flata á honum verður 24 fermetrar að stærð. Líklegt er að með öllu muni dæmið kosta 5-7 milljóna, en það veltur meðal annars á því hvort við ákveðum að hafa eitt eða tvö flettiskilti á þríhyrningnum,“ segir Jóhann.

Hann telur að skiltið gæti verið ágætis fjáröflunarleið fyrir félagið og segir að ágóðinn af auglýsingasölu verði bæði notaður til að fjármagna starfsemi félagsins svo og rekstur björgunarbátsins Gunnars Friðrikssonar. „Við



Á þessari lóð mun auglýsingastandur félagsins væntanlega.

höfum ekki hugsað okkur að keppa á umsetnum auglýsingamarkaði bæjarins, heldur ætlum að leita meira til stóru fyrirtækjanna sem auglýsa á landsvísi. Það er vonandi að við högnumst á uppátækinu, til þess er leikurinn gerður. Svo er ekki verra ef okkur tekst að færa smá stórborgarbrag á Ísafjörð í leiðinni.“



Til sölu!

Til sölu er fasteignin Fjarðarstræti 33 á Ísafirði. Um er að ræða stóra og vandaða eign á Eyrinni. Fasteignin er ca. 176 m² að stærð, þ.e. hæð og ris. Óskað er eftir tilboðum í eignina.


Allar nánari upplýsingar gefur Björn Jóhannesson, hdl., í síma 456 4577.



Grípa þurfti til umspils á Sickhouse open

Sickhouse Open, hið árlega golfmót starfsmannafélags Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, var haldið á laugardag. Þar var leikið eftir hinni svokölluðu Vestfjords-fondue aðferð, þar sem keppendum er skipt upp í hópa og eru vanir golfarar settir á gula og rauða teiga, en hinir óvönu á sérútbúna bláa teiga til að leikar verði sem jafnastir. Víti munu vera óþekkt fyrirbæri þegar leikið er eftir þessu kerfi. Keppni varð æsi-spennandi og þurfti að grípa til umspils til að skera úr um sigurvegara.

Svo fór að lokum að Sigmar Jack afleysingalæknir sigraði. „Mótstjóri var Ingibjörg Sigtryggisdóttir og áttu hún góðan dag, sérstaklega þótti hún standa sig vel í að ýta veitingavagninum“, segir í tilkynningu frá aðstandendum mótsins. Meðfylgjandi myndir voru teknar á mótinu.



helgardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag: Suðlæg átt, 5-10 m/s og skýjað með köflum, en stöku skúrir sunnan- og vestanlands. Vaxandi suðaustan átt með rigningu um landið sunnanvert þegar líður á daginn. Hiti 9-16 stig, hlýjast á Norður- og Austurlandi.

Horfur á föstudag: Suðaustan 10-15 m/s og rigning, einkum sunnan-til. Hiti 9-15 stig.

Horfur á laugardag: Suðvestlæg átt og skúrir, en skýjað með köflum um landið norðaustanvert. Hiti 9-16 stig.

Horfur á sunnudag: Útlit fyrir suðlæga átt með vætu um allt land.

Horfur á mánudag: Útlit fyrir suðlæga átt með vætu um allt land.

netið

Pó svo margir noti internetið einvörðungu til þess að svara fróðleiksfýsn sinni um ýmis málefni finnast engu að síður netverjar sem nýta netið á margþættari máta og sækja alla helstu afþreyingu sína þangað þegar svo ber við. Margar vefsíður eru tileinkaðar dægradvöl á netinu og er óhætt að segja að enginn þurfi að láta sér leiðast sem hefur aðgang að símalínu og sémilega öflugri tölvu. Íslenska síðan **Leikur1.is** er tiltölulega ný af nálinni, en hefur öðlast nokkrar vinsældir þrátt fyrir að vera ekki mikið auglýst. Á henni má finna gott úrval tölvuleikja af ýmsu tagi sem henta jafnt ungum sem öldnum. Þar er að finna bæði púsluspil og kapalafbrigði auk skotleikja, íþróttaleikja og ævintýraleikja að ógleymdu meistarastykki rússans Alexei Pajitnov, Tetris.

Fylgstu með!

bb.is



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 23. ágúst

- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Stubbarnir (51:90)
- 18.30 Falda myndavélin (33:60)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.10 Ævintýri Indiana Jones (12:22)
- 21.45 Blóðsuga í Brooklyn. (Vampire in Brooklyn) Gamanmynd frá 1995 um eina eftirlifandann af ætt blóðsugna frá eyju í Karibahafi sem heldur til Brooklyn í makaleit. *Aðalhlutverk: Eddie Murphy og Angela Bassett.*
- 23.25 Ídaufæri. (Grosse Pointe Blank) Minnie Driver, John Cusack, Alan Arkin og Dan Akroyd fara með aðalhlutverk í grínmyndinni í daufæri. Myndin fjallar um Martin Blank (John Cusack) sem hittir skólafélaga sína á tíu ára útskriftar-afmæli þeirra. Málið flækist þegar hann þarf að útskýra fyrir gömlu félögnum og æskuástinni við hvað hann starfar, því hann er leigumorðingi. e.
- 01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 24. ágúst

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Stubbarnir (52:90)
- 09.27 Maja (21:52)
- 09.32 Albertína ballerína (25:26)
- 09.45 Fallega húsið mitt (8:30)
- 09.52 Stína stóra systir
- 09.57 Babar (42:65)
- 10.20 Krakkarnir í stofu 402 (23:40)
- 10.42 Hundrað góðverk (7:20)
- 11.06 Kastljósið
- 11.30 Ofar regnbogans gliti
- 12.35 Markaregn
- 13.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeldinni.
- 15.30 Íþróttabáturinn
- 17.55 Táknmálsfréttir
- 18.05 Forskot (26:40)
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Fjölskylda mín (7:8)
- 20.30 Bláblíði. (The Flamingo Rising) Bandarísk kvikmynd frá 2001 um vand-ræði sem verða þegar ævintýramaður ákveður að opna heimsins stærsta bílabíó beint á móti útfarastofu. *Aðalhlutverk: William Hurt, Elizabeth McGovern, Brian Benben, Angela Bettis og Erin Broderick.*
- 22.05 Ævintýri í Marokkó. (Hideos Kinky) Bresk bíómynd frá 1998 byggð á skáldsögu eftir Esther Freud um unga enska konu sem heldur með dætur sínar tvær til Marokkó. *Aðalhlutverk: Kate Winslet, Said Taghmaoui, Bella Riza og Carrie Mullan.*
- 23.45 U-571. (U-571) Spennmynd frá 2000. Bandarísk sersveit er send um borð í þýskan kaþbát í seinni heimsstyrjöld til þess að koma höndum yfir dulmálsvéið Bjóðverja. e. *Aðalhlutverk: Matthew McConaughey, Bill Paxton, Harvey Keitel, Jon Bon Jovi og David Keith.*
- 01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 25. ágúst

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Greifinn af Monte Cristo
- 09.55 Andarteppa (22:26)
- 10.07 Kipper (6:13)
- 10.23 Svona erum við (19:20)
- 10.35 Ungur uppfinningamaður
- 11.00 Kastljósið
- 11.25 Skjáleikurinn
- 17.00 Markaregn
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Bréfið
- 18.15 Tómas og Tim (15:16)
- 18.30 Óskar (3:3)
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljósið
- 20.00 Bundinn er bátlaus maður. Árni Johnsen hefur umsjón með þættinum Bundinn er bátlaus maður sem er ferðasaga frá Færeyjum. Þátturinn er hversdagsheimsókn til granna okkar í austri og siglt er á gúmmibátum milli nokkurra byggða í Færeyjum og sérstæðir staðir heimsóttir. Nafn þáttarinn er færæyskt orðtak og leggur áherslu á hvað bátur skiptir miklu máli í eyjasamfélagi.
- 20.35 Bláa dúfan (8:8). Breskur myndaflokkur um fjölskyldu sem rekur postulínsverksmiðju. Reksturinn gengur illa og börnin fá liðsaka en bjargvætturinn hefur annað í huga en að bjarga fyrirtækinu.
- 21.30 Helgarsportíð
- 21.45 Fótboltakvöld
- 22.00 Gullæðið í Lapplandi. (Lapin kullan kimallus) Finnisk bíómynd frá 1999 þar sem söguviðið er Lappland á tímum gullæðisins á níjándu öld.
- 23.55 Kastljósið
- 00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 23. ágúst


- 06.58 Ísland í bítíð
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Í finu formi
- 09.35 Oprah Winfrey
- 10.20 Ísland í bítíð
- 12.00 Neighbours
- 12.25 Í finu formi
- 12.40 Murphy Brown
- 13.05 Jonathan Creek
- 13.55 N.Y.P.D Blue
- 14.40 Ved Stillebækken
- 15.05 Tónlist
- 15.35 Andrea
- 16.00 S-klúbburinn á Miami
- 16.25 Brakúla greifi
- 16.45 Doddi í leikfangalandi
- 17.15 Neighbours
- 17.45 Ally McBeal
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Winning London. (Ólsen-systur í London) Skemmtileg unglingamynd um Olsen-tvívurastysturnar. Stelpurnar vinna ferð til London þar sem þær taka þátt í samkeppni fyrir hönd skólans síns. Eini gallinn er sá að stelpurnar verða auðvitað bálskotnar í tveimur myndarlegum breskum strákum og geta því ekki einbeitt sér sem skyldi að keppninni. *Aðalhlutverk: Mary-Kate Olsen, Ashley Olsen, Eric Jungman, Brandon Tyler.*
- 21.10 Smallville
- 22.00 Replicant. (Eftirmyndin) Þessi hörkuspennandi mynd fjallar um lögreglumanninn Jack Riley sem er á höttunum eftir stórhættulegum raðmorðingja. Honum verður lítið ágengt í leit sinni og ákveður að hætta í lögreglunni. Yfirmenn hans eru ekki sáttir við að morðinginn gangi laus og láta klóna morðingjann í þeirri von að það geti vísað á morðingjann. Riley er ráðinn aftur til þess að fylgja eftirmyndinni eftir og kemst fyrir en varir á rétta slóð. *Aðalhlutverk: Jean-Claude Van Damme, Michael Rooker, Catherine Dent, Ian Robison.*
- 23.40 Zero Effect. (Handbragð Zeros) Einkaspæjarinn Daryl Zero er öðrum fremri á sínu sviði og er varla til sú ráðgæta sem vefst fyrir honum. Hann er hins vegar mjög sérvitur og klaufi í einkalífnum. Þegar kappinn bregður sér í hlutverk einkaspæjarans stenst honum enginn snúninginn. *Aðalhlutverk: Ryan O'Neal, Ben Stiller, Bill Pullman.*
- 01.35 When Trumpets Fade. (Herlúðrar þagna) David Manning hefur gefist upp á stríðsátökum seinni heimsstyrjaldarinnar og þráir að hverfa af vettvangi. En þá er hann óvænt hækkaður í tign og er falið að leiða hóp óreyndra hermanna um blóði drifinn vígvöllinn. Hann fær síðan gullið tækifæri til að komast heim en til þess þarf hann að fóna lífi fjölda fólks. *Aðalhlutverk: Ron Eldard, Zak Orth.*
- 03.05 Ally McBeal
- 03.45 Ísland í dag
- 04.10 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 24. ágúst

- 08.00 Strumparnir
- 08.25 Kolli káti
- 08.50 Kossakríli
- 09.15 Jói ánamaður
- 09.40 Ævintýri Papírúsar
- 10.05 My Dog Skip
- 11.35 Friends
- 12.00 Bold and the Beautiful
- 13.45 Enski boltinn
- 16.05 Alltaf í boltanum
- 16.30 Best í bítíð
- 17.10 Oliver's Twist
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Lottó
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Ruby Wax's
- 20.00 Spin City
- 20.30 Gideon. Gideon Webber er full-orðinn maður með andlegan þroska á við barn. Þegar frænka hans giftist á ný, getur hún ekki lengur séð um hann og kemur Gideon fyrir á elliheimili. Þar hittir Gideon fyrir gamalmenni sem eru búin að tapa lífsgleðinni og biða þess eins að komast yfir móðuna miklu. Gideon hjálpar fólkinu að finna lífsneistann á ný með einfaldri sýn sinni á lífið og kennir þeim að hver dagur er guðsgjöf sem ber að meta að verðleikum. *Aðalhlutverk: Charlton Heston, Christopher Lambert, Shirley Jones, Carroll O'Connor.*
- 22.15 What Women Want. (Það sem konur vilja) Þessi frábæra gamanmynd segir af hinum sjálfumglaða Nick Marshall sem hefur lífibrauð af auglýsinga-gerð. Hann hefur alltaf álitnið sig kvennagull og verður því brugðið þegar hann lendir í undarlegu óhappi sem veldur

Það sem konur vilja!

What Women Want, eða Það sem konur vilja, er frábær gamanmynd um hinn sjálfumglaða Nick Marshall sem hefur lífibrauð af auglýsinga-gerð og Stöð 2 sýnir kl. 22:15 á laugardagskvöld. Hann hefur alltaf álitnið sig kvennagull og verður því brugðið þegar hann lendir í undarlegu óhappi sem veldur því að hann heyrir hugsanir kvenna. Hugmyndir hans um konur virðast alrangar og lendir hann í mikilli krísu út af þessari nýju náðargáfu. Hann fer til sálfræðings sem bendir honum á að nota sérhæfileikann til framdráttar. Nick fær-ist allur í aukana og fyrsta fórnarlambið sem hann velur sér er harlind kona sem hreppi stöðuna sem hann taldi sína. Margt fer þó öðruvísi en ætlað er. Í aðalhlutverkum eru Mel Gibson og Helen Hunt.



því að hann heyrir hugsanir kvenna. Hugmyndir hans um konur virðast alrangar og lendir hann í mikilli krísu út af þessari nýju náðargáfu. Hann fer til sálfræðings sem bendir honum á að nota sérhæfileikann til framdráttar. Nick fær-ist allur í aukana og fyrsta fórnarlambið sem hann velur sér er harlind kona sem hreppi stöðuna sem hann taldi sína. Margt fer þó öðruvísi en ætlað er. *Aðalhlutverk: Mel Gibson, Helen Hunt.*

tekur sér góðan tíma til að kynna sér málið frá öllum hliðum en fyrir en varir pressa pólitísk öfl á hann að skila niðurstöðu sem allir unna. Spurningin er hvort það sé yfir höfuð mögulegt í máli sem þessu. *Aðalhlutverk: Andy Garcia, Robert Prosky, Harry Belafonte.*

23.40 Practical Magic. (Hagnýttir galdrar) Í hverri konu má finna örlytla norn, hún er bara ekki eins sýnleg og hjá systrunum Sally og Gillian. Þær eru gjör-samlega eins og svart og hvítt en sameinast í göldrunum. *Aðalhlutverk: Nicole Kidman, Sandra Bullock.*

01.20 Cold Feet.

02.10 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 23. ágúst

17.40 Íþróttir um allan heim
18.40 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Chelsea og Manchester United.

SPORTIÐ Í BEINNI...



Sjónvarpið

Laugardagur 24. ágúst kl. 13:25

Þýski boltinn: Leikur óákveðinn

Sýn

Föstudagur 23. ágúst kl. 18:40

Enski boltinn: Chelsea – Manchester United

Laugardagur 24. ágúst kl. 11:00

Enski boltinn: Manchester City – Newcastle United

Laugardagur 24. ágúst kl. 16:15

Enski boltinn: West Bromwich Albion – Leeds

Sunnudagur 25. ágúst kl. 17:40

Íslenski boltinn: Leikur óákveðinn

Þriðjudagur 27. ágúst kl. 18:45

Enski boltinn: Arsenal – West Bromwich Albion

Miðvikudagur 28. ágúst kl. 18:45

Enski boltinn: Fulham – West Ham United

Stöð 2

Laugardagur 24. ágúst kl. 13:45

Enski boltinn: Leikur óákveðinn

ir. Hér segir af konum sem hrósuðu happi yfir að hafa haldið lífi en þær vissu ekki að martröðin var rétt að byrja. Þessar ólíku konur urðu að reida sig hver á aðra til þess að halda styrk sínum og lifa af ómurluga víst í fangabúðunum. **Adalhlutverk:** Glenn Close, Frances McDormand, Pauline Collins, Cate Blanchett. **02.45 Dagskrárlök og skjáleikir**

Laugardagur 24. ágúst

11.00 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Manchester City* og *Newcastle*.
13.15 Texas á tónleikum
14.15 Íþróttir um allan heim
15.15 Gillette-sportpakkinn
15.45 Heimsfótbolti með West Union
16.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *WBA* og *Leeds* í ensku úrvalsdeildinni.
18.30 Toppleikir
20.15 Lottó
20.20 MAD TV
21.05 Firestorm. (Eldhaf) Hörkuspennandi mynd um slökkviliðsmanninn Jesse Graves sem lendir í miklum vandræðum við að bjarga öðrum slökkviliðsmönnum úr sjálfheldu. Þeir reynast nefnilega ekki vera alvöru slökkviliðsmenn heldur glæpamenn sem ráðlegja flóttu úr fangelsi. **Adalhlutverk:** Scott Glenn, William Forsythe, Howie Long.
22.35 Hnefaleikar. Útsending frá bardaga Mike Tyson og Lennox Lewis.
00.55 Love's Passion. Erótísk mynd.
02.15 Dagskrárlök og skjáleikir

Sunnudagur 25. ágúst

17.00 South Park
17.40 Símadeldin
20.00 Golfmót í Bandaríkjunum
21.00 Smoke. (Reykur) Þriggja stjörnu meistaraverk. Hér segir af tóbakssalanum Auggie Wren og skrautlegum hópi fólks sem daglega leggur leið sína í búðina. Undir þykku reykkyli líður hver sagan á eftir annari svo úr verður vefur svo fjölþættur að unun er á að horfa. **Adalhlutverk:** Harvey Keitel, William Hurt, Stockard Channing.
22.50 Íslensku mörkin
23.20 Faithful. (Sér grefur gröf) Tutugu ára brúðkaupsafmæli húsmóðurinnar Margaret O'Donnell fer öðruvísi en hún hafði búist við. Þegar hún kemur heim í glæsivillu þeirra hjóna bíður þar leigumorðinginn Tony sem eiginmaðurinn réð til að losa sig við frúna. En margt fer á annan veg en ætlað er. Kaldhæðisleg gamanmynd. **Adalhlutverk:** Cher, Ryan O'Neal, Chazz Palminteri.
00.50 White Tiger. (Hvíti tígurinn) Spennamynd um ófyrirleitni náfanga sem hefur búið til nýja tegund eitrefna. Þeim er ætlað að koma í stað heróns og kókaíns og framleiðandinn er staðráðinn í að láta ekkert standa í vegi fyrir áformum sínum. Lögreglan fréttir af ráða-brugginu og felur félögum Mike og John að leysa málið. **Adalhlutverk:** Gary Busey, Cary Hiroyuki Takawa, Gary Daniels.
02.20 Dagskrárlök og skjáleikir



SKJÁREINN

Föstudagur 23. ágúst

17:30 Muzik.is
18:30 Hjartsláttur í strætó (e)
19:30 Yes dear (e)
20:00 Charmed (e) Prue verður æ taugaveiklaðri vegna árása Þrenningarinnar og ógnarinnar sem stafar af Belthazor. Þegar brotist er inn í húsið sannfærast Prue um að Þrenningin sé að undirbúa árás en sökuðulgrunn er mun veraldlegri en systurnar þrjár halda
20:45 Grillpinnar. Grillpinnarnir og stuðbóltarnir Róbert Ólafsson (Robbi) og Þórir Erlingsson (Dóddi) ætla að kenna áhorfendum SKJÁREINS hvernig best er að bera sig við grillið og bera fram ljúffenga kjúklinga-, lamba-, nauta- og svínakjötsrétti. Nú er bara málið að drífa sig út að grilla og hækka meðalhitann yfir landinu
21:15 Traders. Í dramapættinum Traders er fjallað um hóp fólks í sem vinnur við verðbréfamíðun í banka. Það er stutt milli hláturs og gráturs í þessum heimi þar sem breytingar eru miklar og þær hafa ekki einu sinni á vinnu þessa fólks heldur tekur sinn toll í einkalífnum
22:00 Seduced by a Fear (e) Öryggisvörðurinn Jake Franklin er með eindæmum kurteis og hjálplegur en það á eftir að koma honum í koll... Brotist er inn í hótél sem hann vaktar og verðmætti demantsfesti stolið. Þegar er nánar er að gáð lítur út fyrir að Jake hafi hjálpað þjófum að komast undan og þar með gerst samsekur...
23:30 According to Jim (e) Bandarísk

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUÐMUNDSSON MBI
 Hafnarstræti 1 - Ísafirði
 Símar: 456 3940 & 456 3244
 Fax: 456 4547 - Netfang: tryggvi@snorpa.is
 Heimasíða: www.bb.is/tg

Einbýlishús/raðhús:
 Hafraholt 50: 138,4 m² Hósbý einingahús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 12,9 m.kr.
 Hlíðarvegur 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á milli eign koma til greina. Verð 10,2 m.kr.
 Hlíðarvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarköð. Laust fjótleiga. Tilboð óskast
 Lyngholt 10: 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. Verð 12,9 m.kr.
 Móholt 9: 194,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr.
 Seljalandsvegur 2: 151,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum, bílskúr að Hlíðarvegi 9 getur fylgt í kaupum. Tilboð óskast.
 Skólavegur 13: 160 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara, bílskúr og 1000 m² eignarköð. Verð 8,5 m.kr.
 Urðarvegur 33: 306,3 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 16 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir:
 Fjarðarstræti 6: 116,3 m² 4ra herbergja íbúð á 2. hæð til hægri ásamt sér geymslu í kjallara. Verð 7,5 m.kr.
 Fjarðarstræti 14: 100 m² falleg 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m² kjallara og 27,8 m² geymsluskúr. Baklóð fylgir neðri hæðinni. Áhv. ca. 1,5 m.kr. Verð 5,8 m.kr.
 Stórholt 13: 4ra herbergja íbúð á 3ja hæð til vinstri í fjölbýlishúsi ásamt bílskúr. Tilboð óskast
 Sundstræti 30: 131,9 m² 5 herbergja íbúð á 3ju hæð í þrjúbýlishúsi ásamt bílskúr. Tilboð óskast
 Urðarvegur 45: 103 m² 4ra herb

séríbúð á c.h. í tvíbýlishúsi ásamt 30m² bílskúr. Verð 7,8 m.kr.
3ja herbergja íbúðir:
 Fjarðarstræti 38: 3-4ra herb. íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. Verð 4,5 m.kr.
 Hlíðarvegur 33: 79,1 m² íbúð á neðri hæð í fjölbýlishúsi ásamt góðum bílskúr. Verð 6,9 m.kr.
 Hlíðarvegur 62: 5 m² 2ja-3ja herb. íbúð á jarðhæði í Dvalarheimili aldraðra. Verð 7,1 m.kr.
 Pólgata 6: 55 m² risíbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð 3,9 m.kr.
 Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gölfloður, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.
 Stórholt 9: 80,9 m² góð íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og sameign. Áhv. ca. 2,4 m.kr. Verð 5,3 m.kr.
 Stórholt 11: 72,6 m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Tilboð óskast.
 Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mógaleiði að taka þú uppi. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,5 m.kr.
 Tungata 13: 76,1 m² 3ja herb. íbúð á c.h. í þrjúbýlishúsi ásamt ónærntuðu geymslalofti og geymslu í kjallara. Verð 2,9 m.kr.
 Urðarvegur 49: 102,5 m² kjallaraíbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. Tilboð óskast.

2ja herbergja íbúðir:
 Mjallargata 1: 67,9 m² íbúð í góðu standi á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Áhv. ca. 3,6 m.kr. Verð 6,5 m.kr.
 Sundstræti 24: 69 m² skemmtileg og rúmgóð íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi. Verð 4,5 m.kr.
 Tungata 18: 53,4 m² íbúð á 1. hæð í nýlega uppgr. fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4 m.kr.

www.bb.is/tg

þáttaröð með Jim Belushi og Courtney Thorne-Smith í aðalhlutverkum. Jim leikur jarðbundinn vertaka og blúsara sem veit að lykullinn að góðu hjónabandi er að kinka kolla þegar konan segir eitthvað. Honum kemur líka vel saman við börnin því hann er ekki beint vaxinn upp úr barndómi sjálfur. Inn í líf þeirra spila síðan systkini Courtney sem eru hið besta fólk en vandræðagripir jafnvel þegar best lætur.
00:00 Law & Order SVU (e)
00:50 Jay Leno (e)
01:40 Muzik.is

Laugardagur 24. ágúst

16:30 Jay Leno (e)
17:30 Judging Amy (e)
18:30 Dateline (e). Dateline er margverðlaunaður, fréttaskýringaþáttur á dagskrá NBC sjónvarpsstöðvarinnar í Bandaríkjunum. Þættirnir hafa unnið til fjölda viðurkenninga og eru nær alltaf á topp 20 listanum í Bandaríkjunum yfir áhorf í sjónvarpi. Stjórnendur þáttarins eru allir mjög þekktir og virtir fréttamenn eins og Tom Brokaw, Stone Phillips og Maria Shriver.
19:30 Sledgehammer (e)
20:00 Malcolm in the middle. Þessir fráberu gamanþættir hafa hlotið verðskuldaða athygli víða um heim. Þættirnir fjalla um hinn ofurgáfaða Malcolm , bræður hans og foreldra sem geta ekki beinlínis kallast mannvitsbrekkur. Drengurinn á við það vandamál að stríða að vera gáfaðastur í fjölskyldunni en það er svosannarlega enginn leikur.... Frumlegir og fjórlegir þættir um fjölskyldulíf í blíðu og stríðu... og allar stóru spurningarnar í tilverunni.
21:00 Klassíski klukkutíminn
22:00 Profiler (e) Réttarsálfræðingurinn Rachel er allra kvenna gleggst á hegðun glæpamanna og ásamt sérveit FBI í Atlanta fær hún til rannsóknar erfiðustu glæpamálin. Baráttan fyrir

betri heimi lítur líf hennar allt og hún á í miklum innri átökum vegna fórnanna sem hún færir. Á hælum hennar er ósvífinn raðmorðingi, sem grípur öll tækifæri til að hrella hana.
22:50 Face Value. Saga um æskuvinina Tim og Barry sem báðum er vísað úr lögregluskóla og finna lífi sínu ólíkan farveg. Þegar Barry tekur upp á því að heimsækja Tim nokkrum árum seinna fyllist sá síðamefndi grunsemdum um að ekki sé allt sem sýnist...
00:20 Jay Leno (e)
02:10 Muzik.is

Sunnudagur 25. ágúst

15:00 Jay Leno (e)
16:00 48 Hours
17:00 Brúðkaupsþátturinn Já (e)
18:00 Providence (e)
19:00 According to Jim (e)
19:30 Grillpinnar (e)
20:00 The King of Queens. Bandarísk gamanþáttaröð um Doug Heffernan, sendil í New York sem gerir ekki miklar kröfur til lífsins. Meðal þess sem honum þykir vænt um er 70 tommu sjónvarp sem eigin konan gaf honum en nú er tengdababbinn fluttur inn í sjónvarpsherbergið og það hefur í för með sér talverðar breytinga á einfaldri tilveru Dougs.
21:00 Citizen Baines
21:45 Dateline. Í næsta þætti af Dateline fara fréttamenn Dateline á stúfana og kanna hvað fólk þarf að gera til að fá sínu fram. Þeir senda módel, lögfræðing, leikara og gamla konu af stað og sjá hversu langt þau komast á framkomunni. Sálfræðiþáttur gerir könnun á vinum og undir hvaða kringumstæðum vináttan vör fyrir öfund.
22:30 Boston Public (e)
23:15 Traders (e) Í dramapættinum Traders er fjallað um hóp fólks í sem vinnur við verðbréfamíðun í banka.
00:00 Deadline (e)
00:45 Muzik.is

Hvað er að ske! Á helginni, 22. Agúst - 26. Agúst

SCOOBY - DOO

Hetja mun risa upp. Á afturfæturnar.....

Fimmtudag kl 9
Föstudag kl 9
Sunnudag kl 5

MINORITY REPORT

Þú hefur aldrei upplifað aðra eins mynd! Láttu ekki handtaka þig áður en þú fremur glæpinn! Glæpalaust Ísland.

Sunnudag kl 9
Mánudag kl 9
Þönnið innan 14

Stórdansleikur á Laugardagskvöld

BALDUR og MARGRÉT

Skemmta á ný eftir sumarfrí



Söfnuðu tæpum 6.000 krónum fyrir Rauða krossinn

Þær Ingunn Fanney Hauksdóttir og Agnes Ósk Marzellusardóttir söfnuðu á dögnum 5.843 krónum, og hyggjast þær gefa Rauða krossinum á Vestfjörðum sjóðinn. Fénu söfnuðu þær með tombóluhaldi, auk þess sem þær gengu í hús og seldu alls kyns varning.

netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu? Guðrún Sigurðardóttir, fréttamaður á Svæðisúvarpi Vestfjarða á Ísafirði svarar:

„Ég nota internetið heilmikið við vinnuna, en einnig er ég með nokkrar afþreyingarsíður bóka-



merktar sem ég skoða þegar tími gefst. **Bb.is** og **patreksfjordur.is** eru vefir sem ég skoða oft vinnunar vegna, einnig nota ég **simaskra.is** mikið og **vegag.is** til þess að fá upplýsingar um færð á vegum o.fl. Svo skoða ég ógrynni opinberra síðna við fréttaoöflun. Guðjón Ólafsson, fyrrum kennari við MÍ, heldur úti skemmtilegri síðu sem uppfærð er vikulega með nýjum bröndurum. Hana skoða ég á mánudögum til þess að koma mér í góða skapið, **www.mmedia.is/-gaurvikur.htm**. Á **www.isholf.is/dori** er að finna fjölda gamalla, nýrra, skemmtilegra og skýrtinna truckamynda víðsvegar af landinu, sem gaman er að skoða. Svo hlusta ég náttúrulega á Ríkisúvarpið.“

afmæli



Kristín Guðmundsdóttir, Hjallavegi 3 á Flateyri verður **sjötug** föstudaginn 23. ágúst. Af því tilefni býður hún vinum og vandamönnum að fagna með sér í Vagninum á afmælisdaginn frá kl. 19-22.

bb.is – fyrstir með fréttirnar!



Áframeldistilraunir Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. á þorski í Álftafirði

Vonir standa til að fiskurinn tvöfaldaði þyngd sína

Önnur tveggja áframeldis- kvía Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. í Álftafirði hefur nú verið fyllt með um 40 tonnum af þorski af Djúpmiðum, en vonir standa til þess að aflinn hafi tvöfaldað þyngd sína þegar honum verður slátrað í haust að sögn Þórarins Ólafssonar, sjávarútvegsfræðings sem í vor var ráðinn til að hafa umsjón með áframeldistilraunum HG í Álftafirði.

„Fiskurinn er fóðraður með um 6-8 tonnum af dönskum sandsílum á viku og hefur verið að taka ágætlega í ætið. Yfirstandandi tilraunir snúast að mestu um að sjá hvernig þorskurinn plumar sig við æskilegan þéttleika í iðnaðarstíl, en í þeim tilraunum sem gerðar hafa verið fram að þessu hefur af ýmsum ástæðum verið rýmra um fiskinn í kvíunum en hagkvæmt væri ef ætti að framleiða hann í stórum stíl,“ segir Þórarinn og bætir við að aðalatriðið nú sé að afla reynslu og þekkingu.

„Við sjáum ekki fram á rífandi tekjur í þessum geira í náninni framtíð, en hugsanlega gæti þetta orðið virkilega spennandi kostur eftir einhver ár. Aðalatriðið er að byggja hægt og rólega upp og taka ekki of stór skref í einu. Það er nóg af vandamálum sem við þurfum að taka á, þá helst

afföll við veiðar og flutninga á fiskinum, en mér líst ágætlega á framhaldið og hef trú á því að við náum hægt og örugglega að ráða fram úr þeim,“ segir Þórarinn.

Meðal þess sem rannsakað

er núna við þorskeldið er munur á vaxtarhraða og nýtingu þorsks sem veiddur er í djúpsævi og grunnsævi. „Ætíunin er að láta einvörðungu þorsk veiddann í Aðalvík á Ströndum í aðra kvínna og

bera síðan saman vöxtinn þar við þorskinn sem veiddur er í Ísafjarðardjúpi. Það er ekki komin almennileg reynsla á það ennþá þar sem hægar hefur gengið að fylla Aðalvíkurkvínna. Þar eru nú um 10 tonn

af þorski, en við stefnum á að fylla hana fyrir sumarlok. Óvíst er hvort að við slátrum úr henni í haust, eða látum það bíða vorsins, það fer aðallega eftir því hvernig gengur að veiða í Aðalvíkinni.“


Vestfirðir

Ók á vegg í göngunum

Bifreið skemmdist talsvert eftir að hafa lent á vegg í Vestfjarðagöngunum um miðja síðustu viku.

Að sögn lögreglunnar á Ísafirði var bifreiðin á leið frá Önuðarfirði til Ísafjarðar þegar ökumaðurinn missti stjórn á henni í Breiðadalslegg gangnanna með þeim afleiðingum að hún lenti á vegg. Ekki urðu slys á fólki, en tveir farþegar voru í bifreiðinni ásamt ökumanni, sem er á átjándra aldursári. Bifreiðin er óökufær eftir áreksturinn.

Hlynur Snorrason, settur yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Ísafirði, segir augljóst að ekið hafi verið nokkuð ógætlega þegar slysið varð. „Það er ljóst að þarna var ekið of hratt miðað við aðstæður, því svona slys gerast ekki öðruvísi. Foreldrar ökumanna sem nýlega hafa fengið bílpróf þyrftu að brýna fyrir börnum sínum að sýna meiri aðgát,“ sagði Hlynur við blaðið.



Parfasti þjónninn á beit við Seljaland í Álftafirði

Ábúendur í Vigur í Ísafjarðardjúpi reikna með um 3000 gestum í ár

Dræm lundaveiði í sumar

Lundaveiðitímabilið í í eyjunni Vigur við Ísafjarðardjúpið lauk á fimmtudag í síðustu viku, en það stendur frá 1. júlí til 15. ágúst ár hvert. Veiðin gekk ekki sem skyldi að sögn Salvars Baldurssonar, Vigurbónda, og allur lundi er nú farinn úr eyinni.

„Fram yfir miðjan júlí var nánast engin lundaveiði, en það rættist nokkuð úr henni seinnipart tímabilsins,“ segir Salvar. „Við höfum samt ekki náð að uppfylla þarfir okkar viðskiptavina og það er frekar leitt. Við veiddum eitthvað um 5.000 stykki í ár, en yfirleitt

veidast milli 6-8000 lundar. Það er ýmislegt sem veldur þessum dræmu veiðum. M.a. mætti nefna að afar vont er að drepa lunda í rigningu, en hún hefur verið viðvarandi allt tímabilið eins og flestir ættu að hafa tekið eftir.“ Vætutíð sumarsins virðist

þó ekki hafa dregið úr heimsóknnum ferðalanga í eyjuna. „Fjöldi ferðamanna hafa heimsótt okkur upp á síðkastið, ég á von á því að gesta-fjöldinn verði nærri 3.000 manns að sumrinu loknu,“ segir Salvar Baldursson í samtali við blaðið.

Stuttar af bb.is

Fjöldi gatna lagfærður

Næstu vikur mun Vegagerðin lagfæra fjölda gatna í bæjar- kjörnum Ísafjarðarbæjar. Sigurður Mar Óskarsson, bæjartæknifræðingur Ísafjarðarbæjar, segir að m.a. verði lögð langþráð klæðning á Kirkjustræti á Þingeyri og ýmsa malarvegi á Flateyri og Suður-eyri.

„Einnig verður Hamraborgarendi Austurvegar á Ísafirði lagaður þannig að hæðarlegunni verður breytt og niðurföllum bætt við,“ sagði Sigurður Mar. Áætlað er að framkvæmdunum ljúki um miðjan næsta mánuð.

Eldur í sumarhúsi

Lögreglunni á Ísafirði barst laust fyrir miðnætti á fimmtudag í síðustu viku, tilkynning um að eldur væri laus í sumarhúsi við Tannanes í Önuðarfirði. Hafði heimilisfólki misfarist að kveikja upp í kamínu í húsinu með þeim afleiðingum að eldur náði að læsa sér í gólfíð framan við hana. Heimilisfólkið slapp ómeitt og hafði þegar ráðið niðurlögum eldsins þegar tilkynningin barst. Að sögn lögreglu var lítið sem ekkert tjón af völdum eldsins.

Hjallurinn endurreistur

Framkvæmdir við endurbyggingu gamla hjallsins í Ögri við Ísafjarðardjúps hófust í síðustu viku. Hjallurinn splundraðist í óveðri aðfaranótt 10. nóvember sl., en talið er að hann hafi staðið í Ögri allt frá 19. öld. „Hjallurinn er að rísa frá dauðum. Menn frá Ágústi og Flosa ehf. unnið að smíðunum og ég á von á því að þær verði langt á veg komnar í næstu (þessari) viku. Það er ekki neitt því til fyrirstöðu að hjallurinn verði tilbúinn fyrir veturinn. Við höfum jafnframt fengið vilyrði frá húsríðunarnefnd um fjármögnun á hluta endurbyggingarinnar,“ sagði Halldór Hafliðason, Ögurbóndi.

WMM
straumur

RAFTAKI
LJÓÐ
GJAFAVARA

Sillurgötu 5
Sími 456 3321